



Staðsetning háskóla og menntabil í háskólamenntun

Póroddur Bjarnason

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Umtalsverður munur er á hlutfalli háskólamenntaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Þetta menntabil skýrist að hluta til af fjölbreyttari atvinnuönguleikum háskólamenntaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu en ýmsir aðrir efnahagslegir, félagslegir, menningarlegir og landfræðilegir þættir skipta þar einnig máli. Þannig hafa rannsóknir sýnt að staðsetning háskóla getur haft veruleg áhrif á búsetu brautskráðra háskólanema. Í þessari rannsókn eru áhrif íslenskra háskóla á menntunarstig og menntabil einstakra landsvæða metin á grundvelli manntals og spurningakannana meðal 25–64 ára íbúa landsins. Niðurstöður sýna að 28% íbúa höfuðborgarsvæðisins en 12–14% íbúa annarra landshluta hafa lokið prófi frá háskólum í Reykjavík. Mikill meirihluti háskólamenntaðra landsmanna hefur lokið prófi frá Háskóla Íslands. Hlutfallið er hæst á höfuðborgarsvæðinu en lægst á Akureyri, þar sem nánast jafn margir hafa lokið prófi frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum þéttbýliskjörnum í seilingarfjarlægð á Háskólinn í Reykjavík næstmesta hlutdeild í háskólamenntuðum íbúum en á norðursvæði landsins er hlutdeild Háskólans á Akureyri næstmest. Flestir brautskráðir nemendur háskólanna í Reykjavík og Háskólans á Bifröst eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu en búseta nemenda annarra háskóla er dreifðari um landið. Brautskráðir nemendur Háskólans á Akureyri skiptast nokkuð jafnt milli höfuðborgarsvæðisins, Akureyrar og annarra landsvæða en rúmlega helmingur brautskráðra nemenda Landbúnaðarháskóla Íslands er að vonum búsettur utan þéttbýlustu svæða landsins. Landsbyggðaháskólarnir útskrifa þannig nemendur sem eru mun líklegri til að búa utan höfuðborgarsvæðisins en áhrif þeirra á menntunarstig einstakra landsvæða eru einkum bundin við áhrif Háskólans á Akureyri á Akureyri og annars staðar á norðanverðu landinu. Eigi að hækka menntunarstig í öllum landshlutum og draga úr menntabili milli Reykjavíkur og annarra landshluta þarf að skilgreina slík markmið með skýrum hætti og ákveða hvort það skuli vera hlutverk allra háskóla eða sérstakt verkefni þeirra sem eru utan Reykjavíkur.

Efnisorð: Háskólar, menntunarstig, menntabil, landsvæði.

Á síðustu áratugum hefur orðið umbylting á starfsemi og skipulagi íslenskra háskóla. Margvíslegt nám hefur verið fært á háskólastig, háskólakennsla tekin upp í nýjum námsgreinum og meistara- og doktorsnám verið eft til muna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015a). Jafnframt hafa nýir háskólar verið stofnaðir, eldri sérskólar færðir á háskólastig, stofnanir sameinaðar og nöfnum einstakra háskóla ítrekað verið breytt. Nemendum við íslenska háskóla fjölgaði úr tæplega fimm þúsund árið 1987 í tæplega tuttugu þúsund árið 2013 en íslenskum háskólanemum erlendis fækkaði lítillega og hlutfall þeirra af öllum háskólanemum lækkaði úr 35–45% í 15–20% (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015a).

Með fjölgun háskóla var horfið frá aldargamalli stefnu um að byggja upp einn íslenskan háskóla fyrir alla þjóðina í Reykjavík (Bragi Guðmundsson, 2012; Guðmundur Hálfðanarson, 2011; Magnús Guðmundsson, 2011). Auk Listaháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík urðu til fjórir háskólar utan höfuðborgarsvæðisins þegar Háskólinn á Akureyri var stofnaður frá grunni og Samvinnuskólinn á Bifröst, Bændaskólinn á Hvanneyri og Búnaðarskólinn á Hólum voru færðir á háskólastig. Fram til ársins 1987 voru þannig engir nemendur við háskóla utan Reykjavíkur en árið 2014 voru þeir um 2.500 talsins (Hagstofa Íslands, 2017a).

Þessi mikli vöxtur háskólastigsins byggðist ekki á markvissri, opinberri stefnu um uppbyggingu og skipulag háskólanáms á Íslandi (Gyða Jóhannsdóttir, 2008; Magnús Guðmundsson, 2011). Í opinberri umræðu hefur sérstaklega verið gagnrýnt að byggðasjónarmiðum hafi verið blandað með óeðlilegum hætti í uppbyggingu háskólastigsins (sjá t.d. Börk Hansen, 2005; Jón Gunnar Grjetarsson, 1987; Magnús Guðmundsson, 2011; Rúnar Vilhjálmsson, 2005) og því haldið fram að háskólar hafi verið stofnaðir líkt og „refabú“ (Jón Bragi Bjarnason, 1989) eða jafnvel sprottið líkt og „gorkúlur á mykjuskán“ (Þorkell Jóhannesson, 2004) í „hverju krummaskuði á Íslandi“ (Kári Stefánsson, 2011).

Á síðustu árum hefur mikið starf verið unnið við mat á árangri háskólastarfs í því skyni að styrkja stefnumótun í málaflöknum. Þannig metur gæðaráð íslenskra háskóla gæði háskólagráða, upplifun nemenda og stjórnarsýslu rannsókna með reglubundnum hætti (Lög um háskóla nr. 63/2006; Rannís, 2017a, 2017b) og ítarlegt mat hefur verið lagt á árangur háskólanna í rannsóknum eins og hann kemur fram í birtum ritverkum og tilvitnunum til þeirra á alþjóðlegum vettvangi (sjá t.d. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015a; NordForsk, 2017). Áhrif einstakra háskóla á menntunarstig þjóðarinnar eða menntabil milli ólíkra landshluta hafa hins vegar ekki verið metin með fullnægjandi hætti.

Uppbygging háskólamenntunar á Íslandi

Uppbygging menntastofnana var snar þáttur í uppbyggingu Reykjavíkur sem miðstöðvar íslensks þjóðlífs í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar (Loftur Guttormsson, 2008). Þannig var Bessastaðaskóli fluttur til Reykjavíkur 1846 og ári síðar tók Prestaskólinn til starfa í húsnæði Lærða skólans í Reykjavík. Þá var Læknaskólinn stofnaður í Reykjavík 1876, Stýrimannaskólinn í Reykjavík árið 1890, Iðnskólinn í Reykjavík 1904, Verzlunarskóli Íslands 1905 og Kennaraskóli Íslands og Lagaskólinn árið 1908. Tildrög stofnunar Háskóla Íslands árið 1911 hafa verið rakin til hugmynda Jóns Sigurðssonar og féлага sumarið 1845 um stofnun þjóðskóla sem nægði þörfum þjóðarinnar, en frumvarp um Háskóla Íslands var þó ekki lagt fram á Alþingi fyrr en árið 1881 (Guðmundur Hálfðanarson, 2011).

Á sama tímabili var mikil áhersla lögð á effingu grunnmenntunar um land allt og nauðsyn þess að ungt fólk gæti stundað hagnýtt nám í heimabyggð (Loftur Guttormsson, 2008). Kvennaskólar tóku til starfa í Reykjavík 1874, í Eyjafirði og Skagafirði 1877 og í Húnavatnssýslu 1879, og fyrsti gagnfræðaskóli landsins var stofnaður á Möðruvöllum í Eyjafirði árið 1880. Þá voru búnaðarskólar stofnaðir víða um land, meðal annars á Hólum í Hjaltadal 1882 og á Hvanneyri 1889. Jafnframt voru gerðar tilraunir með stofnun alþýðu- og lýðskóla að norrænni fyrirmynd og á fyrri hluta 20. aldar voru þriggja vetra héraðsskólar á gagnfræðastigi stofnaðir í öllum landshlutum (Loftur Guttormsson, 2008).

Í lok 19. aldar lýsti Jón Þorkelsson (1891) mikilvægi þess að færa þungamiðju íslensks menntalífs og vísinda frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur með stofnun íslensks háskóla. Þannig yrði komið í veg fyrir það manntjón sem Ísland hefði beðið af Hafnarferðum stúdenta, háskólamenntun myndi í auknum mæli miða að þörfum íslensks atvinnulífs, stjórnsýslu og menningar, og reglulegt stúdentalíf myndi skapa fjör og viðskipti í Reykjavík, sem árið 1891 taldi ríflega þrjú þúsund íbúa. Frá háskólanum í Reykjavík myndi þekking á sögu landsins, lögum og bókmenntum breiðast út meðal tæplega 72 þúsund íbúa landsins. Auk þess yrðu lærðir menn þjóðlegri og betri Íslendingar, málinu yrði minni hætta búin af dönsku og landið sjálft myndi vaxa í augum hinna menntuðu þjóða.

Háskóli Íslands varð að veruleika á hundrað ára ártíð Jóns Sigurðssonar, 17. júní 1911. Reykvíkingar voru þá orðnir um tólf þúsund talsins og landsmenn allir um 86 þúsund. Fyrstu áratuginu var háskólinn lítill og veikburða og háskólinn í Kaupmannahöfn og aðrir erlendir háskólar gegndu áfram mikilvægu hlutverki í háskólamenntun þjóðarinnar (Guðmundur Hálfðanarson, 2011). Háskóli Íslands vann sér þó smám saman sess sem helsta menntastofnun landsins og eini háskóli Íslands fram til ársins 1971, þegar Kennaraskóli Íslands varð Kennaraháskóli Íslands. Forræði Háskóla Íslands í háskólamenntun þjóðarinnar var þó yfirgnæfandi fram undir lok síðustu aldar.

Stofnun háskóla á Norðurlandi

Á fyrstu áratugum 20. aldar voru vaxandi kröfur gerðar um eflingu bóknáms utan Reykjavíkur. Tillaga um stofnun menntaskóla Norður- og Austurlands var felld á Alþingi 1923 og að sögn varaði Bjarni Jónsson frá Vogu sérstaklega við því að Norðlendingar myndu bráðlega heimta háskóla ef menntaskóli yrði stofnaður á Norðurlandi (Bragi Guðmundsson, 2012). Í trássi við synjun Alþingis stofnaði Jónas Jónsson frá Hriflu menntamálaráðherra til náms til stúdentsprófs við Gagnfræðaskóla Akureyrar með reglugerð 1927 og í framhaldi af því var Menntaskólinn á Akureyri stofnaður með lögum árið 1930.

Forspa Bjarna frá Vogu rættist árið 1958 þegar Þórarinn Björnsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri, mun hafa lagt til að stofnaður yrði háskóli á Akureyri (Halldór Blöndal, 1986), og fjórum árum síðar skoraði Davíð Stefánsson frá Fagraskógi á bæjaryfirvöld að marka háskóla strax lóð í bæjarlandinu (Bragi Guðmundsson, 2012). Árið 1964 lögðu Ingvar Gíslason o.fl. fram þingsályktunartillögu um að stefnt skyldi að því að háskóli tæki til starfa á Akureyri í náinni framtíð (Tillaga til þingsályktunar um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar, nr. 48/1964). Í framhaldi af því voru svipaðar tillögur lagðar fram þrisvar sinnum og vorið 1972 samþykkti Alþingi loks almennt orðaða þingsályktun um að „sérstaklega skuli að því stefnt, að Akureyri verði eflað sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar“ (Þingsályktun um dreifingu menntastofnana, áætlun um skólaþörf og eflingu Akureyrar sem miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar, nr. 184/1972). Akureyringar voru þá orðnir á tólfta þúsund talsins, eða litlu færri en Reykvíkingar höfðu verið við stofnun Háskóla Íslands í Reykjavík sextíu árum fyrr.

Nefnd sem Ingvar Gíslason menntamálaráðherra skipaði 1982 lagði til að stofnað yrði til náms á háskólastigi á Akureyri á vegum Háskóla Íslands (Menntamálaráðuneytið, 1984). Mjög skiptar skoðanir voru þó á því máli og lýsti Ingvar Gíslason tillögunum sem „lágmarksbyrjunarstarfsemi“ sem tryggja yrði með lagasetningu svo „forráðamenn Háskólans geti ekki vikið sér undan framkvæmdum af tylliástæðum, sem opinberir aðilar eiga í pokahorninu“ (Ingvar Gíslason, 1985, bls. 7). Á ráðstefnu um háskólanám á Akureyri í júní 1985 lýsti rektor Háskóla Íslands raunar efasemdum um þörf á námi eftir stúdentspróf á Akureyri og skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu lagði til að fjölmiðlatekni yrði notuð til háskólakennslu norður yfir heiðar (Á. M., 1985). Skólastjórar framhaldsskóla á Norðurlandi, fræðslustjóri og yfirlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu lögðu hins vegar þunga áherslu á mikilvægi staðbundinnar háskólakennslu og lögðu ýmist til að háskóladeild, útibú frá Háskóla Íslands eða sjálfstæður háskóli yrði settur á fót á Akureyri hið fyrsta.

Stuðningur heimamanna við uppbyggingu háskólanáms á Akureyri endurspegladi að mörgu leyti röksemdir sjálfstæðisbaráttunnar fyrir stofnun Háskóla Íslands (sjá t.d. Bjarna E. Guðleifsson, 1985; Bragi Guðmundsson, 2012; G. S., 1985a, 1985b, Ingvar Gíslason, 1985; Vísindafélag Norðlendinga, 1985). Með stofnun háskólans myndi fleira ungt fólk á Norðurlandi sækja sér háskólamenntun, ekki síst ungar konur sem síður ættu heimangengt. Þá væri háskólafolk líklegt til að búa áfram og finna sér vinnu við hæfi þar sem það hefði stundað nám. Góð menntun og þekking myndi leiða af sér gott mannlíf og efla atvinnulíf á Norðurlandi.

Þegar Sverrir Hermannsson tók við lyklunum að menntamálaráðuneytinu í október 1985 lýsti hann því yfir að það eina sem hann hefði þegar ákveðið væri að koma á fót háskóla á Akureyri (A.

P. H., 1985). Atburðarásin sem fylgdi í kjölfarið líktist nokkuð aðdragandanum að stofnun Menntaskólans á Akureyri sextíu árum fyrr. Þannig var Háskólinn á Akureyri stofnaður með ákvörðun ráðherra og kennsla hófst haustið 1987. Alþingi (1988) samþykkti þá ráðstöfun hins vegar árið eftir með lögum um Háskólann á Akureyri.

Umbylting háskólastigsins

Í beinu framhaldi af stofnun Háskólans á Akureyri haustið 1987 voru einnig stofnaðir háskólar á vegum Verslunarráðs annars vegar og Samvinnuhreyfingarinnar hins vegar, en lítil opinber umræða varð um þau helmingaskipti. Í ávarpi við setningu Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands í janúar 1988 fagnaði Birgir Ísleifur Gunnarsson menntamálaráðherra aukinni fjölbreytni háskólanáms og boðaði samræmda löggjöf um háskólastigið (Árni Sæberg, 1988). Í apríl 1988 veitti ráðherra Samvinnuskólanum á Bifröst heimild til að verða Samvinnuháskólinn á Bifröst og hófst kennsla um haustið.

Heildarlöggjöf um háskólastigið var þó ekki sett fyrr en í desember 1997 og fékk ráðherra menntamála þá víðtæka heimild til að veita nýjum ríkisreknum og einkareknum háskólum starfsleyfi (Lög um háskóla nr. 136/1997). Næsta áratuginn mótaðist núverandi stofnanaumgjörð háskólastigsins smám saman, án skýrrar opinberrar stefnu í þeim efnum (Gyða Jóhannsdóttir, 2008; Magnús Guðmundsson, 2011). Árið 1998 var Viðskiptaháskólinn í Reykjavík stofnsettur á grunni Tölvuháskólans, en nafni viðskiptaháskólans var breytt í Háskólinn í Reykjavík árið 2000. Sama ár var nafni Samvinnuháskólans hins vegar breytt í Viðskiptaháskólann á Bifröst, og hann varð svo Háskólinn á Bifröst árið 2004. Árið 2001 var Listaháskóli Íslands stofnaður á grunni eldri listaskóla í Reykjavík. Bændaskólinn á Hvanneyri var einnig færður á háskólastig árið 2001, en hann varð Landbúnaðarháskóli Íslands árið 2005 með samruna við Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Garðyrkju-skóla ríkisins. Árið 2002 varð Tækniskólinn í Reykjavík að Tækniháskóla Íslands en sameinaðist svo Háskólanum í Reykjavík árið 2005. Árið 2003 fékk Búnaðarskólinn á Hólum heimild til að starfa sem háskólastofnun, en hann var formlega gerður að Háskólanum á Hólum árið 2007. Árið 2006 tók Háskólasetur Vestfjarða til starfa og árið 2007 var Keilir stofnaður í Reykjanesbæ. Þessari hrinu breytinga lauk með því að Kennaraháskóli Íslands var sameinaður Háskóla Íslands árið 2008.

Frá árinu 2008 hafa ítrekað komið fram hugmyndir um frekari sameiningu háskóla. Árið 2009 lagði nefnd erlendra sérfræðinga þannig til að allir opinberu háskólarnir yrðu sameinaðir Háskóla Íslands og hinir einkareknu Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst yrðu sameinaðir Háskólanum í Reykjavík. Nefndin lagði jafnframt til að háskólarnir tveir myndu „eftir þörfum“ (e. *as necessary*) halda úti svæðisbundnum útibúum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2009a, bls. 19) en í íslenskri þýðingu stjórnvalda breyttist þessi ráðlegging þó efnislega þannig að „háskólarnir tveir ættu að halda í landsbyggðaútibúin sem nauðsynlegan hluta starfseminnar“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2009b, bls. 4).

Þótt hugmyndir hafi komið upp um sameiningu HÍ og HR (Orri Páll Ormarsson, 2013; RÚV, 2009; S. H. Á., 2009) hefur þeim ekki verið fylgt eftir. Þar virðast einkum ráða mismunandi rekstrarform, ólíkur uppruni háskólanna og stuðningur starfsmanna og stjórnmalamanna við sjálfstæði Háskólans í Reykjavík (Ritstjórn, 2009; RÚV, 2013a, 2013b). Ekki hefur heldur verið rætt af mikilli alvöru um sameiningu Háskólans á Akureyri og annarra háskóla, og kunna þar að skipta máli atriði á borð við langa baráttu Norðlendinga fyrir sjálfstæðum háskóla (Bragi Guðmundsson, 2012), andstaða háskólayfirvalda (sjá t.d. Háskólaráð HA, 2009) og pólitískur stuðningur við sjálfstæði Háskólans á Akureyri á vettvangi sveitarstjórna og landsmála (sjá t.d. B. Þ., 2014; Þingskjal nr. 150/2011–2012. Fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðherra um sjálfstæði Háskólans á Akureyri; Eyþing, 2011).

Á síðustu árum hefur hins vegar verið skoðað af talsverðri alvöru að sameina sjálfseignarstofnanirnar Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík annars vegar (P. J. og S. H. Á., 2010) og ríkisháskólana Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri hins vegar (RÚV, 2013c). Jafnframt hefur sameining Háskólans á Hólum, Háskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskólans nýlega verið

skoðuð (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015b). Slíkar hugmyndir hafa notið stuðnings yfirvalda menntamála en hafa í öllum tilvikum strandað á andstöðu þingmanna, sveitarstjórna og íbúa á svæðum þar sem litlir, sjálfstæðir háskólar starfa (RÚV, 2014, 2015; Skessuhorn, 2013, 2014; Örn Arnarson, 2010).

Tillögur um sameiningar íslenskra háskóla byggjast að mestu á hugmyndum um fjárhagslega og fræðilega stærðarhagkvæmni og þeirri tilfinningu að sjö háskólar séu óeðlilega margir fyrir litla þjóð (sjá t.d. Børk Hansen 2005; Inga Frey Vilhjálmsson, 2013; Kára Stefánsson, 2011; Magnús Guðmundsson, 2011; Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur 2012). Á hinn bóginn hefur andstaða við slíkar tillögur einkum byggst á hugmyndum um mikilvægi sjálfstæðra háskóla fyrir atvinnu- og menntunarstig á viðkomandi svæðum og þeirri trú að eftir sameiningu yrði starfsemi landsbyggðaútbúa fljótlega skipulögð eftir þörfum höfuðstöðvanna fremur en sem nauðsynlegur hluti sameinaðra háskóla (sjá t.d. Ingibjörgu Einarsdóttur, 2010; Jón Bjarnason, 2013; Magnús B. Jónsson, 2013; Sindra Sigurgeirsson, 2013; Skagfirðing 2012). Fræðilegar rannsóknir á svæðisbundnum áhrifum sjálfstæðra háskóla á menntabil hafa hins vegar ekki gegnt veigamiklu hlutverki í umræðum um æskilega mennta- og byggðastefnu hér á landi

Svæðisbundin áhrif háskóla

Hátt hlutfall háskólamenntaðra íbúa stuðlar að þróttmiklu atvinnulífi, öflugri þjónustu og fjölbreyttu samfélagi (Chatterton, 2000; Corcoran, Faggian og McCann, 2010; Gunasekara, 2006; Winters, 2011), en slík samfélög draga líka að sér háskólamenntað fólk (Abel og Deitz, 2012; Blackwell, Cobb og Weinberg, 2002; Gottlieb og Joseph, 2006; Waldorf, 2009). Þótt framboð starfa fyrir háskólamenntað fólk ráðist til skemmri tíma af vinnumarkaði einstakra svæða getur hátt menntunarstig því til lengri tíma litið stuðlað að nýsköpun í atvinnulífi og aukið samkeppnishæfni þeirrar atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2014). Í smærri samfélögum sem byggst hafa á einhæfum og hnignandi frumframleiðslugreinum getur hins vegar myndast ákveðinn vítahringur með lágu menntunarstigi og skorti á störfum fyrir háskólamenntað fólk (Anna Guðrún Edvarðsdóttir, 2016; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016). Þannig getur jafnvel reynt erfitt að finna háskólamenntað fólk til þeirra tiltölulega fáu starfa sem þó eru til staðar í dreifðari byggðum (Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017).

Á undanförunum áratugum hefur háskólamenntun aukist bæði meðal þeirra hópa sem áður fyrir sóttu sér helst slíka menntun og hinna sem ólíklegri voru til þess. Hins vegar er misjafnt hvaða áhrif þessi þróun hefur haft á menntabil milli hópa. Menntasókn kvenna hefur aukist hraðar en karla og víðast hvar í Evrópu ljúka fleiri konur en karlar nú háskólaprófi (Klesment og van Bavel, 2017). Frá síðustu aldamótum hefur hlutfall háskólamenntaðra kvenna þannig hækkað hraðar en karla á Íslandi og bilið því aukist jafnt og þétt konum í hag (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015a). Hins vegar hefur menntabil eftir þáttum á borð við kynþátt eða stéttarstöðu foreldra víða staðið í stað eða jafnvel aukist þótt menntunarstig allra hópa fari hækkandi (Gillborn, Demack, Rollock og Warmington, 2017; Liu, Green og Pensiero, 2016).

Með sama hætti hefur hlutfall háskólamenntaðra í dreifbýli víða hækkað án þess að menntabilið milli þéttbýlis og dreifbýlis hafi endilega minnkað (sjá t.d. Liu o.fl., 2016; Maiga, 1983; Scott, Menzies, Chenard og Spence, 2013; Tam og Jiang, 2015). Þótt hlutfall háskólamenntaðra íbúa íslenskra landsbyggða hafi hækkað umtalsvert á síðustu árum er hlutfall háskólamenntaðra með sama hætti mun herra á höfuðborgarsvæðinu en utan þess (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015a). Þetta menntabil milli þéttbýlis og dreifbýlis kann að hluta að skýrast af færri tækifærum til háskólamenntunar en að hluta af færri atvinnutækifærum fyrir háskólamenntað fólk.

Víða um heim hafa háskólar og útbú þeirra verið stofnuð í þeim tilgangi að hækka menntunarstig og auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðum sem hafa átt undir högg að sækja (Anderssen, Quigley og Wilhelmson, 2004, Anna Guðrún Edvarðsdóttir, 2016; Arbo og Eskelinen, 2003; Frenette, 2009; Lehmann, Christensen, Thrane og Jorgensen, 2009; Tomaney og Wray, 2011). Þannig var stofnun

svæðisbundinna háskóla þáttur í opinberri byggðastefnu á Norðurlöndum á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar (Arbo og Eskelinen, 2003; Lehmann o.fl., 2009; Nilsson, 2006) og í tillögu til þingsályktunar um stofnun háskóla á Akureyri árið 1964 var sérstaklega vísað til stefnu Norðmanna í þessu sambandi (Alþingi, 1964). Í Svíþjóð hefur verið sýnt fram á umtalsverð efnahagsleg áhrif slíkra svæðisbundinna aðgerða í háskólamáli (Anderssen o.fl., 2004, 2009). Um helmingur áhrifanna er innan 20 km fjarlægðar frá nýjum háskólum og um 75% innan 100 km fjarlægðar. Á Íslandi hefur með svipuðum hætti verið sýnt fram á veruleg efnahagsleg áhrif af umsvifum Háskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands á efnahagslíf og rekstur sveitarfélagsins Borgarbyggðar í Borgarfirði (Kolfinna Jóhannesdóttir og Vífill Karlsson, 2010; Vífill Karlsson og Magnús B. Jónsson, 2013).

Háskólar stuðla að hærri menntunarstigi á nærsvæðum sínum með ýmsum hætti, svo sem með menntun heimamanna, stúdentum sem ílengjast eftir útskrift og háskólamenntuðu starfsfólki við háskólana og tengda starfsemi (Abel og Deitz, 2012; Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Gottlieb og Fogarty, 2003; Kolfinna Jóhannesdóttir og Vífill Karlsson, 2010; Nilsson, 2006). Víða um heim hafa rannsóknir sýnt að meirihluti þeirra sem stunda háskólanám í heimabyggð verður þar um kyrrt en minnihluti þeirra sem fara til háskólanáms utan heimabyggðar snýr aftur heim að námi loknu (Blackwell o.fl., 2002; Corcoran o.fl., 2010; Haapanen og Tervo, 2012; Hoare og Corver, 2010).

Talsverður munur er á upptökusvæðum háskóla í Reykjavík og utan höfuðborgarsvæðisins. Þannig voru 69% nemenda Háskóla Íslands (HÍ) af höfuðborgarsvæðinu og 11% til viðbótar úr nágrenna-byggðarlögum þess á tímabilinu 1991–2015 (Þóroddur Bjarnason, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Ingólfur Arnarson, Skúli Skúlason og Kolbrún Ósk Baldursdóttir, 2016). Á sama tímabili voru 24% nemenda Háskólans á Akureyri (HA) af höfuðborgarsvæðinu en 29% frá Akureyri og 8% til viðbótar annars staðar úr Eyjafirði. Hins vegar voru 57% nemenda Háskólans á Bifröst (HB) og 43% nemenda Háskólans á Hólum (HH) af höfuðborgarsvæðinu og aðeins 7–8% þeirra voru af nærsvæðum háskólanna á sunnanverðu Vesturlandi annars vegar og Norðurlandi vestra hins vegar. Þegar litið er til samsetningar nemendahópsins einkennast þessir landsbyggðaháskólar því af meiri breidd í uppruna nemenda og mun lægra hlutfalli heimafólks en stærri háskólarnir.

Á síðustu árum hefur í sívaxandi mæli verið litið til möguleika fjarnáms við að veita háskólamenntun í heimabyggð (Chawinga og Zoie, 2016; Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2001; Muhirwa, 2012; OECD, 2015; Rennie, Jóhannesdóttir og Kristinsdóttir, 2011; Tomaney og Wray, 2011; Þóroddur Barnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017; Þuríður J. Jóhannsdóttir, 2010). Þótt fjarnám hafi í upphafi byggst á póstsendingum og síðar sjónvarpsútsendingum hafa tækniframfarir nú gert fjarnemum kleift að horfa á upptökur fyrirlestra, taka þátt í umræðuhópum á netinu og vinna í rauntíma að verkefnum með samnemendum nær og fjær (Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir, 2018). Þessar tækniframfarir hafa raunar gert muninn á staðarnemum og fjarnemum sífellt óljósari og nemendur á nærsvæðum háskóla nýta sér í vaxandi mæli þann sveigjanleika í tíma og rúmi sem felst í fjarnámstækninni (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Þuríður J. Jóhannsdóttir, 2010).

Á Íslandi er mikill munur á búsetu brautskráðra háskólanema eftir því hvort þeir þurftu að flytja búferlum vegna háskólanáms eða ekki. Fjarnemar í landsbyggðunum eru hins vegar álíka líklegir til að búa áfram í heimabyggð og nemendur á höfuðborgarsvæðinu. Um 84% nemenda af höfuðborgarsvæðinu voru enn búsettir þar fimm árum eftir grunnnám við HÍ, staðar- eða fjarnám við HB eða fjarnám við HA (Þóroddur Bjarnason o.fl. 2016). Hins vegar sneri aðeins um helmingur nemenda af höfuðborgarsvæðinu aftur að loknu staðarnámi við HA. Til samanburðar voru 69% nemenda frá Akureyri búsettir í heimabyggð fimm árum eftir útskrift frá HA en aðeins 31% þeirra Akureyringa sem luku námi frá HÍ eða HB. Meðal nemenda af sunnanverðu Vesturlandi bjuggu 89% fjarnema við HA í heimabyggð fimm árum eftir útskrift, um helmingur þeirra sem stunduðu nám við HB, 40% þeirra sem útskrifuðust frá HÍ og 31% þeirra sem luku staðarnámi við HA. Aðeins um þriðjungur háskólanema af öðrum landsvæðum var enn í heimabyggð fimm árum eftir útskrift frá HÍ eða úr staðarnámi við HA eða HB.

Viðfangsefni rannsóknarinnar

Í þessari rannsókn verða áhrif íslenskra og erlendra háskóla á menntunarstig einstakra svæða metin á grundvelli opinberra gagna og spurningakannana. Gera þarf greinarmun á mikilvægi einstakra landsvæða fyrir háskólana annars vegar og mikilvægi einstakra háskóla fyrir landsvæðin hins vegar. Þannig getur til dæmis fámennnt landsvæði skipt litlu máli sem búsetu- og atvinnukostur fyrir alla brautskráða nemendur frá stórum háskóla en flestir háskólamenntaðir íbúar þess landsvæðis engu að síður verið brautskráðir frá þeim háskóla. Á hinn bóginn getur tiltekið landsvæði skipt afar miklu máli fyrir alla brautskráða nemendur lítils háskóla en þeir samt verið mjög lágt hlutfall háskólamenntaðra íbúa þess svæðis. Í eftirfarandi greiningu verða áhrifsvæði háskólanna metin með þrennum hætti.

Í fyrsta lagi verður litið á búsetu brautskráðra nemenda sem ákveðinn mælikvarða á staðbundin áhrif háskólanna. Búast má við því að hátt hlutfall brautskráðra nemenda háskólanna í Reykjavík búi á höfuðborgarsvæðinu eða í seilingarfjarlægð frá því og að tiltölulega hátt hlutfall brautskráðra nemenda Háskólans á Akureyri búi á Akureyri eða annars staðar á norðursvæði landsins. Jafnframt má búast við því að hátt hlutfall brautskráðra nemenda Háskólans á Bifröst búi á Vesturlandi, annars staðar á suðvestursvæði landsins eða á höfuðborgarsvæðinu og Háskólans á Hólum í Skagafirði eða annars staðar á norðursvæði landsins. Á hinn bóginn má búast við því að brautskráðir nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands dreifist um allt land og búi að stórum hluta utan þéttbýlis.

Í öðru lagi verður litið á upprunastofnanir háskólamenntaðra íbúa hvers landsvæðis sem mælikvarða á mikilvægi einstakra háskóla fyrir háskólamenntun á viðkomandi svæði. Búast má við því að yfirgnæfandi meirihluti háskólamenntaðra íbúa á höfuðborgarsvæðinu sé brautskráður frá háskólunum í Reykjavík. Jafnframt má búast við því að brautskráðir nemendur frá Háskólanum á Akureyri séu umtalsverður hluti háskólamenntaðra íbúa á Akureyri og e.t.v. á norðursvæði landsins. Vegna smæðar háskólanna á Bifröst og Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands er hins vegar ólíklegt að þeir hafi haft veruleg áhrif á samsetningu háskólamenntaðra íbúa á stærri landsvæðum.

Í þriðja lagi má bera saman upplýsingar um menntunarstig einstakra landshluta samkvæmt Hagstofu Íslands og hlutdeild háskólanna í háskólamenntuðum íbúum þeirra samkvæmt könnunum til að áætla áhrif hvers háskóla á menntabil milli landshluta. Búast má við því að búseta brautskráðra nemenda frá háskólunum í Reykjavík skýri að verulegu leyti menntabil milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta. Með sama hætti má vera að búseta brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Akureyri skýri að verulegu leyti herra menntunarstig á Akureyri en í öðrum landshlutum. Hins vegar er einnig hugsanlegt að fjölbreyttara atvinnulíf og samfélag dragi brautskráða nemendur frá öðrum háskólum í ríkari mæli til Akureyrar en annarra landsbyggða. Ólíklegt er að minni háskólanir hafi veruleg áhrif á menntabil milli landshluta.

Aðferð

Söfnun gagna

Þessi rannsókn er hluti rannsóknarverkefnisins Svæðisbundin áhrif háskóla sem unnið var með styrk frá Bygðarannsóknasjóði. Gögnin byggjast annars vegar á manntali Hagstofu Íslands árið 2011 og hins vegar á svörum við spurningum sem lagðar voru fyrir Viðhorfahóp Gallup á tímabilinu 12. júní–25. október 2016. Viðhorfahópurinn samanstendur af um 22.000 einstaklingum 18 ára og eldri sem valdir eru með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá. Vikulega er safnað um 800 svörum á netinu úr um það bil 1.400 manna úrtaki og er svarhlutfall þannig um 55–60%.

Í spurningavögnunum er spurt um margvísleg efni en vegna þessarar rannsóknar var bætt við einni bakgrunnsspurningu um menntun. Þeir svarendur sem sögðust hafa lokið háskólaprófi fengu viðbótarspurninguna „Frá hvaða háskóla hefur þú lokið námi? (Vinsamlegast merktu við alla viðeig-

andi svarkosti)“. Í svarkostum voru allir starfandi íslenskir háskólar taldir upp auk svarmöguleikans „Erlendum háskóla“ og opna svarmöguleikans „Öðrum íslenskum háskóla, hvaða?“ þar sem svar- endur gátu skrifað inn svar. Jafnframt gátu svarendur sleppt því að nefna háskóla.

Alls fékkst 11.881 gilt svar. Þar af sögðust 463 mest hafa lokið diplómaprófi, 2.885 höfðu mest lokið bakkalárprófi, 1.931 meistaraþrófi eða sambærilegri gráðu og 177 doktorsprófi, eða samtals 5.456 einstaklingar með háskólapróf. Samtals vildu 437 ekki gefa upp nafn háskóla eða skrifuðu inn nöfn annarra skóla. Einkum var þar um að ræða svarendur sem lokið höfðu prófi frá Kennaraháskóla Íslands fyrir sameiningu hans við Háskóla Íslands eða Tækniháskólanum fyrir sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík. Þau svör voru endurkóðuð sem núverandi háskóli. Einnig voru erlendir háskólar nefndir í nokkrum tilvikum og voru þau svör endurkóðuð í samræmi við það. Loks nefndu nokkrir svarendur skóla á framhaldsskólastigi eða sérskóla sem síðar voru færðir á háskólastig. End- anlegur fjöldi svarenda með háskólapróf frá hinum sjö starfandi íslensku háskólum eða erlendum háskólum taldist því vera 5.304 einstaklingar.

Skilgreiningar

Tafla 1 sýnir fjölda íbúa á aldrinum 25–64 ára á einstökum landsvæðum samkvæmt manntalinu 2011 (Hagstofa Íslands 2017b) og fjölda svarenda í Gallup-könnun 2016. Talningarsvæði Hagstof- unnar voru notuð sem grunnur fyrir svæðaskiptingu landsins. Þannig var höfuðborgarsvæðið notað óbreytt (7.033 svör) og Akureyri skilgreind sem eitt svæði í samræmi við talningarsvæði manntalsins (913 svör).

Í þessari rannsókn beinist athyglin sérstaklega að þéttbýlissvæðum (e. *exurban regions*) í næsta ná- grenni höfuðborgarsvæðisins, en talningarsvæði manntalsins á suðvestursvæði landsins endurspeglar þau ekki fullkomlega. Í manntalinu eru Akranes og Hvalfjarðarsveit þannig skilgreind sem eitt talningarsvæði en Borgarbyggð ásamt öllum byggðarlögum á Snæfellsnesi og í Dalasýslu talin til Vesturlands norðan Skarðsheiðar. Á Suðurlandi er Árborg skilgreind sem sérstakt talningarsvæði en öll önnur byggðarlög á vestanverðu Suðurlandi teljast til Árnessýslu án Árborgar. Í eftirfarandi greiningu er hugtakið „SV-þéttbýli“ notað um talningarsvæði manntalsins í Árborg, á Suðurnesjum og Akranesi og Hvalfjarðarsveit sem tiltekna tegund byggðar (1.343 svör), en hafa verður í huga að sú skilgreining fellur ekki fullkomlega að því landsvæði sem stundum hefur verið nefnt „Suð- vestursvæðið“, „Hvítársvæðið“ eða jafnvel „Stórhöfuðborgarsvæðið“.

Æskilegt hefði verið að skilgreina önnur svæði landsins nákvæmlega þannig að hægt væri að skoða áhrif einstakra háskóla á nærsvæðum minni háskólanna í Borgarfirði og Skagafirði. Úrtaksstærð könnunarinnar leyfði ekki svo nákvæma skiptingu þótt í greiningunni sé litið til vísbendinga um hlut minni háskólanna í heimabyggð. Þess í stað er í megindráttum byggt á skiptingu manntalsins 2011 í suðursvæði og norðursvæði, að SV-þéttbýli og Akureyri undanskildum. Til „Suðursvæð- is“ telst þannig Vesturland norðan Skarðsheiðar og Suðurland án Árborgar (952 svör). Þar af voru 211 þátttakendur af nærsvæði Bifrastar og Hvanneyrar í Borgarfirði og takmarkar það möguleika á greiningu að aðeins 78 þeirra höfðu lokið háskólaprófi. Til „Norðursvæðis“ teljast hins vegar Vestfirðir, Austurland og Norðurland án Akureyrar (1.640 svör). Þar af voru 163 þátttakendur af nærsvæði Hóla í Skagafirði, og höfðu aðeins 53 þeirra lokið háskólaprófi.

Eins og sjá má af töflu 1 höfðu 39% íbúa á þessum aldri á höfuðborgarsvæðinu lokið háskólaprófi samkvæmt manntalinu, samanborið við 20–22% íbúa á sama aldri í SV-þéttbýli, á norðursvæði og suðursvæði. Akureyri er nálægt því að vera miðja vegu þar á milli þar sem 31% íbúanna var með háskólapróf. Hlutfall háskólamenntaðra er hærra í úrtaki Gallup en samkvæmt manntalinu, en lands- hlutamunur kemur fram með mjög svipuðum hætti í báðum gagnasöfnum. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið í könnuninni 1,6 sinnum hærra en í manntalinu, 1,7 sinnum hærra á Akureyri og 1,6–1,8 sinnum hærra í SV-þéttbýli, á suðursvæði og norðursvæði.

Tafla 1. Háskólamenntun 25 til 64 ára samkvæmt manntali 2011 og Gallup 2015

	<i>(M) MANNTAL 2011</i>		<i>(G) GALLUP 2015</i>		G/M
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Höfuðborgarsvæði	105.553	39%	7.033	54%	1,4
Reykjavík	62.836	40%	4.002	56%	1,4
Nágrannasveitarfélög	42.717	38%	3.031	51%	1,3
SV-þéttbýli	18.194	20%	1.343	31%	1,6
Suðurnes	10.863	17%	649	31%	1,8
Akranes og Hvalfjarðarsveit	3.535	23%	298	32%	1,4
Árborg	3.796	24%	396	30%	1,3
Suðursvæði annað	13.049	21%	952	32%	1,5
Vesturland norðan Skarðsheiðar	4.181	22%	353	32%	1,5
- Þar af Borgarfjörður	---	---	211	37%	---
Árnessýsla án Árborgar	3.677	21%	212	30%	1,4
Vestmannaeyjar	2.054	20%	152	36%	1,8
Skaftafells- og Rangárvallasýslur	3.137	19%	235	30%	1,6
Akureyri	8.798	31%	913	41%	1,3
Norðursvæði annað	17.454	22%	1.640	30%	1,4
Vestfirðir	3.456	21%	339	31%	1,5
Norðurland vestra	3.491	22%	303	30%	1,4
- Þar af Skagafjörður	---	---	163	33%	1
Eyjafjörður	3.018	21%	275	28%	1,3
Þingeyjarsýslur austan Eyjafjarðar	2.353	21%	229	31%	1,5
Austurland	5.136	23%	494	29%	1,3

Háskólamenntaðir svarendur endurspeglu hóp háskólamenntaðra íbúa á hverju landsvæði og þannig megi nota gögnin til að áætla hlut einstakra háskóla í háskólamenntun á viðkomandi svæði. Gögnin voru vegin til að endurspeglu mannfjölda á einstökum landsvæðum og reyndist hlutfall höfuðborgarsvæðisins af öllum háskólamenntuðum landsmönnum á aldrinum 25–64 ára þá vera 76% samkvæmt bæði úrtaki Gallup og manntali Hagstofu Íslands (2017b).

Niðurstöður eru sýndar fyrir einstaka háskóla og yfirflokka þeirra. Til yfirflokksins Háskólar í Reykjavík teljast Háskóli Íslands (HÍ) Háskólinn í Reykjavík (HR) og Listaháskóli Íslands (LHÍ). Til yfirflokksins Háskólar utan Reykjavíkur teljast Landbúnaðarháskóli Íslands (LBHÍ), Háskólinn á Bifrost (HB), Háskólinn á Hólum (HH) og Háskólinn á Akureyri (HA). Loks eru niðurstöður fyrir erlenda háskóla greindar eftir því hvort viðkomandi hafi lokið prófi frá bæði íslenskum og erlendum háskóla eða einungis frá erlendum háskóla. Alls höfðu 38% svarenda lokið prófi frá einum háskóla, 8% frá tveimur háskólum en innan við hálft prósent frá þremur eða fleiri háskólum. Tekið er tillit til þess við úrvinnslu gagnanna.

Úrvinnsla gagna

Eftirfarandi greining er þríþætt. Í fyrsta lagi er mikilvægi einstakra landshluta sem vettvangs fyrir brautskráða nemendur hvers háskóla um sig metið með því að kortleggja búsetu þeirra sem þaðan hafa lokið námi. Þannig er t.d. hægt að bera saman hversu hátt hlutfall brautskráðra nemenda frá HÍ

og HA býr á höfuðborgarsvæðinu eða hversu hátt hlutfall þeirra sem lokið hafa námi frá LHÍ annars vegar og LBHÍ hins vegar býr á strjálbýlli svæðum landsins. Búseta þeirra sem brautskráðir eru frá erlendum háskólum er skoðuð sérstaklega en þar sem gögnin eru byggð á úrtaki íbúa á Íslandi veita þau ekki upplýsingar um brautskráða nemendur sem búsettir eru erlendis.

Í öðru lagi er mikilvægi einstakra háskóla metið út frá sjónarhóli hvers svæðis um sig með því að kortleggja hvaðan háskólamenntaðir íbúar hafa útskrifast. Þannig er t.d. hægt að bera saman hversu hátt hlutfall háskólamenntaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu hefur lokið prófi frá HÍ og HR eða hversu hátt hlutfall þeirra sem búa á strjálbýlli svæðum landsins hefur lokið prófi frá HA annars vegar og LBHÍ hins vegar. Í þeirri greiningu er fjöldi þeirra sem lokið hafa prófi frá fleiri en einum háskóla deilt jafnt milli viðkomandi háskóla.

Í þriðja lagi er hlutdeild hvers háskóla í menntunarstigi landsvæða áætlað út frá manntalinu 2011 og hlutfalli háskólanna af heildarfjölda háskólamenntaðra á hverju landsvæði. Þannig er t.d. hægt að áætla hlutdeild HÍ, HR og annarra háskóla í þeim 39% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 25–64 ára sem lokið hafa háskólaprófi samkvæmt manntali Hagstofu Íslands (2017b).

Niðurstöður

Búseta eftir háskólum

Tafla 2 sýnir búsetu 25–64 ára svarenda sem lokið hafa prófi frá einstökum háskólum innan og utan Reykjavíkur. Þar má sjá að 79% svarenda frá háskólunum í Reykjavík en aðeins 44% svarenda frá landsbyggðaháskólunum eru búsett á höfuðborgarsvæðinu (79–44±4%). Nemendur frá HB eru marktækt ólíklegri til að búa á höfuðborgarsvæðinu en nemendur frá Reykjavíkurháskólunum (63–79±7%) en marktækt líklegri til að búa þar en nemendur frá LBHÍ (63–30±12%), HA (63–37±8%) og HH (63–47±15%).

Tafla 2. Búseta brautskráðra nemenda frá einstökum háskólum eftir svæðum

	<i>Höfuðb. svæði</i>	<i>SV- þéttbýli</i>	<i>Suður- svæði</i>	<i>Norður- svæði</i>	<i>Akureyri</i>	<i>Fjöldi</i>
Reykjavík	79±1%	8±1%	4±1%	5±1%	3±1%	4.074
Háskóli Íslands	79±2%	8±1%	4±1%	6±1%	3±1%	3.431
Háskólinn í Reykjavík	82±3%	9±2%	3±1%	4±2%	3±2%	677
Listaháskólinn	81±8%	7±4%	3±3%	6±5%	3±4%	116
Utan Reykjavíkur	44±3%	10±2%	9±2%	19±3%	18±3%	756
Háskólinn á Akureyri	37±4%	8±2%	4±2%	22±4%	30±4%	459
Háskólinn á Bifröst	63±7%	13±5%	12±5%	9±5%	3±3%	181
Háskólinn á Hólum	47±13%	16±10%	10±8%	25±12%	2±5%	53
Landbúnaðarháskóli	30±9%	10±6%	22±9%	36±10%	1±1%	87
Erlendir háskólar	82±2%	6±1%	4±1%	4±1%	4±1%	1.435
Íslenskur og erlendur	86±3%	5±2%	3±1%	3±1%	4±2%	686
Erlendur eingöngu	79±3%	7±2%	5±2%	5±2%	4±2%	749
Samtals skv. könnun	76±2%	8±3%	5±3%	7±3%	5±3%	5.380
Háskólamenntaðir 26–64 ára skv. manntali	76%	7%	5%	5%	7%	53.908
Íbúar 25–64 ára skv. manntali	65%	11%	8%	5%	11%	163.048

Deir sem brautskráðir voru frá erlendum háskóla eingöngu voru jafn líklegir til að búa á höfuðborgarsvæðinu og brautskráðir nemendur HÍ, en þeir sem lokið höfðu námi við íslenskan og erlendan háskóla voru líklegastir allra til að búa á höfuðborgarsvæðinu ($86\pm 3\%$). Nemendur frá erlendum háskólum eingöngu voru álíka líklegir og nemendur frá Reykjavíkurborgarskólunum til að búa utan höfuðborgarsvæðisins, en þeir voru hins vegar ólíklegri til þess en nemendur frá landsbyggðaháskólunum ($21-56\pm 2\%$).

Á landsvísi voru 8% ($\pm 3\%$) háskólamenntaðra svarenda búsettir í SV-þéttbýli og er það hlutfall ekki marktækt ólíkt eftir háskólum. Á suðursvæðinu bjó hins vegar marktækt lægra hlutfall brautskráðra nemenda frá háskólum í Reykjavík en frá landsbyggðaháskólunum ($4-9\pm 2\%$). Nánar tiltekið voru nemendur frá Reykjavíkurborgarskólunum marktækt ólíklegri til að búa á suðursvæðinu en nemendur frá LBHÍ ($4-22\pm 9\%$) og HB ($4-12\pm 5\%$). Tafla 2 sýnir ekki nærsvæði HB og LBHÍ í Borgarfirði sérstaklega innan suðursvæðisins. Nánari greining leiðir hins vegar í ljós að 5% ($\pm 3\%$) brautskráðra nemenda HB og 10% ($\pm 6\%$) brautskráðra nemenda LBHÍ búa í Borgarfirði.

Á norðursvæðinu bjuggu 5% þeirra svarenda sem lokið höfðu háskólaprófi í Reykjavík en 19% þeirra sem útskrifuðust frá landsbyggðaháskólunum ($5-19\pm 3\%$). Hæst var hlutfallið meðal brautskráðra nemenda LBHÍ, en 36% þeirra bjuggu á norðursvæðinu samanborið við t.d. 22% brautskráðra nemenda HA ($36-22\pm 11\%$). Nemendur frá Reykjavíkurborgarskólunum voru marktækt ólíklegri til að búa á norðursvæðinu en nemendur frá HA ($22-5\pm 4\%$) og HH ($25-5\pm 12\%$). Innan norðursvæðisins sýnir tafla 2 hvorki nærsvæði HH í Skagafirði né nærsvæði HA á Norðurlandi eystra utan Akureyrar. Nánari greining leiðir hins vegar í ljós að 10% ($\pm 8\%$) brautskráðra nemenda HH búa í Skagafirði og 10% ($\pm 5\%$) brautskráðra nemenda HA á Norðurlandi eystra utan Akureyrar.

Á Akureyri bjuggu 3% þeirra sem lokið höfðu háskólaprófi í Reykjavík en 18% þeirra sem luku háskólaprófi utan hennar ($3-18\pm 3\%$). Þessi munur er alfarið vegna þess að 30% ($\pm 4\%$) brautskráðra nemenda frá HA er búsettur á Akureyri, sem er marktækt herra en meðal nemenda Reykjavíkurborgarskólanna ($3-30\pm 4\%$), HB ($3-30\pm 5\%$), HH ($2-30\pm 7\%$), LBHÍ ($1-30\pm 5\%$) eða erlendra háskóla ($4-36\pm 5\%$). Brautskráðir nemendur frá LBHÍ voru jafnframt marktækt ólíklegri til að búa á Akureyri en nemendur frá Reykjavíkurborgarskólunum ($1-3\pm 2\%$) eða öðrum landsbyggðaháskólum en HA ($1-5\pm 3\%$).

Háskólamenntun eftir búsetu

Tafla 3 sýnir hlutfall háskólamenntaðra íbúa einstakra svæða sem lokið hafa prófi frá mismunandi háskólum. Eins og sjá má lækkar hlutfall háskólamenntaðra sem lokið hafa prófi frá háskólum í Reykjavík eftir því sem fjær dregur borginni. Hlutfallið er hæst 80% ($\pm 1\%$) á höfuðborgarsvæðinu en ekki marktækt lægra í SV-þéttbýli ($80-77\pm 4\%$). Hlutfallið í SV-þéttbýli er hins vegar marktækt herra en á suðursvæðinu ($77-67\pm 7\%$) og norðursvæðinu ($77-61\pm 6\%$). Lægst er hlutfallið 53% ($\pm 5\%$) á Akureyri sem er marktækt lægra en á öllum öðrum svæðum.

Tafla 3. Háskólamenntaðir íbúar frá einstökum háskólum eftir svæðum.

	Höfuðb. svæði	SV- þéttbýli	Suður- svæði	Norður- svæði	Akur- eyri	Landið
Háskólar í Reykjavík	80±1%	77±4%	67±6%	61±4%	53±5%	77±1%
Háskóli Íslands	67±1%	64±5%	60±6%	53±4%	46±5%	65±1%
Háskólinn í Reykjavík	14±1%	14±3%	7±3%	7±2%	8±3%	13±1%
Listaháskólinn	2±1%	2±1%	2±1%	2±1%	2±2%	2±1%
Utan Reykjavíkur	7±1%	15±3%	24±5%	35±4%	48±5%	13±1%
Háskólinn á Akureyri	4±1%	7±2%	7±3%	23±4%	45±5%	7±1%
Háskólinn á Bifröst	3±1%	5±2%	9±3%	4±2%	2±2%	3±1%
Háskólinn á Hólum	1±0,2%	2±1%	2±2%	3±2%	<1±1%	1±1%
Landbúnaðarháskólinn	1±0,2%	2±1%	7±3%	7±3%	<1±1%	1±1%
Erlendir háskólar	30±1%	20±4%	22±5%	17±3%	20±4%	27±1%
Íslenskur og erlendur	15±1%	8±2%	8±3%	6±2%	10±3%	13±1%
Erlendur eingöngu	15±1%	13±3%	14±4%	11±3%	10±3%	14±1%
ALLS	76±2%	8±3%	5±3%	7±3%	5±3%	101%
Fjöldi svarenda	3.807	428	293	488	371	5.377

Með svipuðum hætti hækkar hlutfall háskólamanna með próf frá háskólum utan Reykjavíkur marktækt frá höfuðborgarsvæðinu til SV-þéttbýlis (7-15±3%), frá SV-þéttbýli til suðursvæðisins (15-24±6%), frá suðursvæðinu til norðursvæðisins (24-35±7%) og frá norðursvæðinu til Akureyrar (35-48±7%). Ekki er marktækur munur á hlutfalli háskólamenntaðra Akureyringa með próf frá háskólum í Reykjavík eða utan Reykjavíkur (48-53±7%).

Þegar litið er til einstakra háskóla kemur í ljós að brautskráðir nemendur frá HÍ eru meirihluti háskólafélks á öllum svæðum nema á Akureyri. Ekki er marktækur munur á hlutfalli háskólafélks með próf frá HÍ á höfuðborgarsvæðinu og SV-þéttbýli (67-64±4%), en hlutfall nemenda frá HÍ er marktækt hærra á höfuðborgarsvæðinu en á suðursvæði (67-60±6%), norðursvæði (67-53±5%) og Akureyri (67-46±5%).

HR á næstmesta hlutdeild í háskólamenntuðum íbúum á höfuðborgarsvæðinu og SV-þéttbýli þar sem 14% háskólamenntaðra íbúa hafa útskrifast frá háskólanum. Utan SV-þéttbýlis eru á hinn bóginn aðeins 7-8% háskólamenntaðra íbúa frá HR. Munurinn á hlutdeild HR á höfuðborgarsvæðinu og SV-þéttbýli annars vegar og öðrum landsbyggðum hins vegar er tölfræðilega marktækur (14-7±2%). Á höfuðborgarsvæðinu er hlutdeild HA 4% (±1%) og hlutdeild HB 3% (±1%), en í SV-þéttbýli er hlutdeild HA 7% (±2%) og HB 5% (±2%). Hlutdeild einstakra annarra háskóla í Reykjavík og SV-þéttbýli er 2% eða minna.

Á suðursvæðinu mælist HB með næstmesta hlutdeild háskólamenntaðra íbúa (9%±3%) en ekki er marktækur munur á HB og HR (7-9±5%), HA (7-9%±4%), LBHÍ (7-9±5%) eða einungis erlendum háskólum (14-9±5%). Hlutdeild annarra háskóla var um 2% á suðursvæðinu. Tafla 3 sýnir ekki nærsvæði HB og LBHÍ í Borgarfirði sérstaklega innan suðursvæðisins en nánari greining sýnir að 10% (±7%) þeirra eru brautskráð frá HB og 12% (±7%) frá LBHÍ. Samtals hafa því 22% (±9%) háskólamenntaðra Borgfirðinga lokið háskólaprófi frá þessum tveimur háskólum í Borgarfirði.

HA á næstmesta hlutdeild í háskólamenntuðum íbúum á norðursvæðinu utan Akureyrar, með um 23% háskólamenntaðra íbúa. Það er marktækt lægra en hlutdeild HÍ (23-53±6%) en marktækt hærra en hlutdeild HR og LBHÍ (23-7±4%) og eingöngu erlendra háskóla (23-11±5%). Hlutdeild

annarra háskóla í háskólamenntuðum íbúum norðursvæðisins var á bilinu 2–4%. Innan norðursvæðisins sýnir tafla 3 hvorki nærsvæði HH í Skagafirði né nærsvæði HA á Norðurlandi eystra utan Akureyrar. Nánari greining leiðir hins vegar í ljós að 10% ($\pm 8\%$) háskólamenntaðra Skagfirðinga hafa lokið prófi frá HH en 33% ($\pm 10\%$) háskólamenntaðra íbúa Norðurlands eystra hafa lokið prófi frá HA.

Nánast sama hlutfall háskólamenntaðra Akureyringa hefur lokið prófi frá HA og HÍ (45–46 $\pm 7\%$). Ekki er heldur marktækur munur á hlutfalli þeirra sem hafa lokið prófi frá HR og einungis erlendum háskóla (8–10 $\pm 4\%$). Hlutdeild annarra háskóla í háskólamenntuðum íbúum Akureyrar er 2% eða lægri.

Áhrif háskóla á menntunarstig og menntabil

Tafla 4 sýnir áætluð áhrif einstakra háskóla á menntunarstig og menntabil milli landshluta. Áhrifin eru reiknuð út frá samsetningu úrtaks háskólamenntaðra á hverju svæði samkvæmt niðurstöðum manntalsins og skiptingu þeirra milli háskóla samkvæmt könnun Gallup. Þannig telst einstaklingur sem aðeins hefur lokið prófi frá einum háskóla að fullu til þess háskóla, sá sem hefur lokið prófi frá tveimur háskólum telst að hálfu til hvors háskóla og þannig koll af kalli.

Tafla 4. Áhrif einstakra háskóla á menntabil háskólamenntaðra eftir svæðum.

	Höfuðb. svæði	SV- þétt- býli	Suður- svæði	Norður- svæði	Akureyri	Landið
Háskólar í Reykjavík	28%	14%	13%	12%	13%	22%
Háskóli Íslands	23%	11%	11%	11%	11%	18%
Háskólinn í Reykjavík	5%	3%	1%	1%	2%	3%
Listaháskólinn	1%	0%	0%	0%	0%	1%
Utan Reykjavíkur	2%	2%	4%	7%	13%	4%
Háskólinn á Akureyri	1%	1%	1%	4%	12%	2%
Háskólinn á Bifröst	1%	1%	2%	1%	1%	1%
Háskólinn á Hólum	0%	0%	0%	1%	0%	0%
Landbúnaðarháskólinn	0%	0%	1%	1%	0%	0%
Erlendir háskólar	9%	3%	4%	3%	5%	7%
Samtals	39%	20%	21%	22%	31%	33%

Samkvæmt manntali 2011 höfðu 39% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 25–64 ára lokið háskólaprófi. Þar af teljast áhrif allra þriggja háskólanna í Reykjavík samtals 28% af mannfjöldanum. Áhrif landsbyggðaháskólanna fjögurra eru aðeins 2% en áhrif erlendra háskóla teljast vera 9% mannfjöldans. Á Akureyri hafði 31% íbúa á þessum aldri lokið háskólaprófi en 20–22% í öðrum landshlutum. Utan höfuðborgarsvæðisins eru áhrif háskólanna í Reykjavík 12–14% en áhrif landsbyggðaháskólanna eru 2–13% af mannfjölda.

Áhrif einstakra háskóla í Reykjavík og erlendra háskóla á menntunarstig eru almennt u.þ.b. tvöfalt meiri á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Þannig teljast áhrif HÍ samsvara 23% mannfjöldans á höfuðborgarsvæðinu en 11% mannfjöldans í SV-þéttbýli, á suðursvæði, norðursvæði og Akureyri. Samanlögð áhrif HR og LHÍ samsvara með svipuðum hætti 6% á höfuðborgarsvæðinu en 1–3% í öðrum landshlutum. Loks samsvara áhrif erlendra háskóla 9% mannfjöldans á höfuðborgarsvæðinu en 3–5% á öðrum landsvæðum.

Samkvæmt þessum niðurstöðum hefur HA dregið verulega úr menntabili í háskólamenntun milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Háskólarnir í Reykjavík hafa svipuð áhrif á menntunarstig á Akureyri og annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins en aðrir landsbyggðaháskólar hafa ívið minni áhrif. Því virðast brautskráðir nemendur frá HA sem búsettir eru á Akureyri vera hrein viðbót við þann fjölda sem háskólarnir í Reykjavík skila inn á svæði utan höfuðborgarsvæðisins.

Jafnframt eru vísendingar um að HA og aðrir landsbyggðaháskólar hafi hækkað menntunarstig nokkuð á norðursvæðinu og í minni mæli á suðursvæðinu. Landsbyggðaháskólarnir hafa samanlagt útskrifað 7% íbúa norðursvæðisins á þessu aldursbili, 4% íbúa suðursvæðisins og 2% íbúa SV-þéttbýlis. HR hefur hins vegar meiri áhrif en landsbyggðaháskólarnir á menntunarstig á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi byggðarlögum.

Þótt verulegur hluti brautskráðra nemenda frá HB, HH og LBHÍ búi utan höfuðborgarsvæðisins eru þessir háskólar of litlir til að hafa veruleg áhrif á menntunarstig stærri svæða. Þannig má áætla að 2% íbúa suðursvæðisins og 1% íbúa annarra svæða hafi lokið prófi frá HB. Um 1% íbúa norðursvæðisins hefur lokið prófi frá HH en innan við hálf prósent annarra svæða. Loks hefur innan við hálf prósent íbúa SV-þéttbýlis og Akureyrar lokið prófi frá LBHÍ en um 1% íbúa annarra, strjálbýlli svæða.

Um ræða

Víða um heim hafa sjálfstæðar háskólastofnanir verið settar á fót til að draga úr mun á háskólamenntun og auka samkeppnishæfni landsvæða (Anderssen o.fl., 2004, 2009; Arbo og Eskelinen, 2003; Frenette, 2009; Lehmann o.fl., 2009; Nilsson, 2006; Tomaney og Wray, 2011). Þótt heildstæð stefnumótun á þessu sviði sé ekki fyrir hendi hér á landi voru slík rök sett fram til stuðnings stofnun HÍ undir lok 19. aldar (Jón Þorkelsson, 1891) og stofnun HA eftir miðja 20. öldina (Alþingi, 1964). Jafnframt eru jákvæð áhrif á efnahagslíf og menntunarstig iðulega nefnd til stuðnings sjálfstæðum háskólum í dreifðum byggðum (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2014; Kolfinna Jóhannesdóttir og Vífill Karlsson, 2010; Vífill Karlsson og Magnús B. Jónsson, 2013).

Enginn vafi er á því að Háskóli Íslands hefur eftir Reykjavík sem þungamiðju íslensks menntalífs og vísinda eins og stefnt var að í sjálfstæðisbaráttu 19. aldar (Jón Þorkelsson, 1891). HÍ hefur þjónað þörfum íslensks atvinnulífs, stjórnsýslu og menningar (Gunnar Karlsson, 2011) og stúdentar háskólans hafa án efa auðgað mannlíf og verslun í Reykjavík. Þá má færa rök fyrir því að staða HÍ á lista Times Higher Education World University Rankings yfir 250 bestu háskóla í heimi (Háskóli Íslands 2016a) uppfylli að nokkru draum Jóns Þorkelssonar (1891, bls. 31) um að „landið sjálft yxi í augum hinna mentuðu þjóða“. Ótti við að fjölgun íslenskra háskóla myndi leiða til hnignunar HÍ virðist jafnframt hafa reynst ástæðulaus þótt bág fjárhagsstaða háskólans sé enn iðulega nefnd sem rök fyrir því að leggja aðra háskóla undir hann (sjá t.d. Magnús Guðmundsson, 2011).

Þótt HÍ hafi þannig eflaust dregið mjög úr manntjóni Íslands vegna Kaupmannahafnarferða háskólastúdenta (Jón Þorkelsson, 1891) virðist ljóst að aðeins um helmingur nemenda háskólans frá öðrum landshlutum eigi afturkvæmt í heimabyggð eftir brautskráningu (Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að hlutfall brautskráðra nemenda frá HÍ sé tvöfalt hærra á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Þannig hafa 23% íbúa höfuðborgarsvæðisins en 11% íbúa annarra svæða á aldrinum 25–64 ára lokið prófi frá HÍ. Svipaðar niðurstöður hafa komið fram í öðrum löndum þar sem minnihluti þeirra sem fara til háskólanáms utan heimabyggðar snýr aftur heim að námi loknu (Blackwell o.fl., 2002; Corcoran o.fl., 2010; Haapanen og Tervo, 2012; Hoare og Corver, 2010).

Háskólinn á Akureyri var stofnsettur árið 1987, þegar viðskipta- og iðnaðarveldi Kaupfélags Eyfirðinga og Sambands íslenskra samvinnufélaga riðaði til falls. Á næstu árum lagðist verksmiðjurekstur að mestu af á Akureyri en margvísleg þjónustustarfsemi óx að sama skapi. Íbúum hefur fjölgað jafnt og þétt og borgarsamfélag hefur skapast sem styður við byggð á Norður- og Austurlandi. Hlut-

fall háskólamenntaðra á Akureyri er miðja vegu milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta og virðist það alfarið vera fyrir áhrif HA. Þar er bæði um að ræða Akureyringa sem hafa sótt sér menntun í heimabyggð við HA og fólk frá öðrum landshlutum sem í lengst hefur á Akureyri eftir nám við HA (Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017).

Orsakasambandið milli fjölgunar háskólamenntaðra íbúa og breytinga í atvinnulífi á Akureyri er þó margslungið og því verður ekki fullsvarað hvort fleiri brautskráðir frá öðrum háskólum væru búsettir á Akureyri ef HA hefði ekki komið til. Akureyringar eru þó ekki líklegri en íbúar annarra landsbyggða til að snúa heim að loknu háskólaprófi við HÍ í Reykjavík og höfuðborgarbúar sem útskrifast frá HÍ eru ekki líklegri til að flytja til Akureyrar en annarra svæða utan höfuðborgarsvæðisins (Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016). Á hinn bóginn er hlutfall Akureyringa sem verða um kyrrt eftir útskrift frá HA næstum jafn hátt og hlutfall háskólanema af höfuðborgarsvæðinu sem verða um kyrrt eftir útskrift frá HÍ, og umtalsverður hluti staðarnema frá öðrum svæðum í lengist á Akureyri eftir útskrift frá HA. Það má því teljast fremur ólíklegt að háskólar í Reykjavík hefðu fyllt í menntaskarðið ef HA hefði ekki verið stofnaður árið 1987.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna nokkuð skýrt landfræðilegt mynstur í búsetu brautskráðra háskólanema. Háskóli Íslands á mesta hlutdeild í háskólamenntuðum íbúum á öllum landsvæðum, að Akureyri undanskilinni þar sem nánast sama hlutfall hefur lokið prófi frá HA og frá HÍ. Háskólinn í Reykjavík á næstmesta hlutdeild í háskólamenntuðum íbúum á höfuðborgarsvæðinu og í SV-þéttbýlinu í nágrenni þess, en HA á næstmesta hlutdeild í brautskráðum nemendum á norðursvæðinu frá Vestfjörðum norður um til Austurlands. Á suðursvæði landsins frá Snæfellsnesi að Hornafirði, að helsta áhrifasvæði Reykjavíkur undanskildu, eiga Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri svipaða hlutdeild í háskólamenntuðum íbúum.

Á síðustu árum hefur fjarnám farið ört vaxandi við íslenska háskóla og munurinn á staðarnemum og fjarnemum jafnframt orðið óljósari (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2016; Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2014; Rennie o.fl., 2011; Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir, 2018; Þóroddur Barnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016; Þuríður J. Jóhannsdóttir, 2010). Fjarnemar eru um helmingur nemenda við Háskólann á Akureyri, um tveir af hverjum þremur nemendum við Háskólann á Hólum og þrír af hverjum fjórum við Háskólann á Bifröst (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016). Hlutfall fjarnema er aðeins um 4% við Háskólann í Reykjavík, og engir fjarnemar eru skráðir við Listaháskóla Íslands. Skráningarkerfi Háskóla Íslands gerir ekki greinarmun á fjarnemum og staðarnemum en um 8% þeirra taka a.m.k. eitt námskeið í fjarnámi á námsferli sínum (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016).

Staðsetning háskóla virðist skipta miklu máli fyrir framtíðarbúsetu staðarnema en litlu máli fyrir framtíðarbúsetu fjarnema. Þannig eru fjarnemar sem stunda nám í heimabyggð á dreifbýlum svæðum álíka líklegir til að búa áfram í heimabyggð og heimafólk við háskólana í Reykjavík og á Akureyri (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016). Staðsetning háskólans virðist ekki skipta höfuðmáli hvað áhrif fjarnáms varðar, en fjarnemar við menntavísindasvið Háskóla Íslands eru álíka líklegir og fjarnemar við kennaradeild Háskólans á Akureyri til að búa áfram í dreifðari byggðum (Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir, 2018). Tíminn mun leiða í ljós hvaða áhrif aukið vægi fjarnáms við íslenska og erlenda háskóla á eftir að hafa á menntunarstig og menntabil milli landshluta.

Sýnt hefur verið fram á veruleg efnahagsleg áhrif af umsvifum minni háskóla á efnahagslíf og rekstur sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2014; Kolfinna Jóhannesdóttir og Vífill Karlsson, 2010; Vífill Karlsson og Magnús B. Jónsson, 2013). Erfiðara er að greina nákvæmlega áhrif háskóla í dreifbýli á menntunarstig nærsamfélaganna. Eðli málsins samkvæmt er lítill hluti nemendahópsins úr dreifbýlu nærsamfélagi þessara háskóla, en verulegur hluti þeirra verður þó um kyrrt eftir brautskráningu (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að 5–10% brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Bifröst, Landbúnaðarháskólanum og Háskólanum á Hólum búi á nærsvæðum háskólanna. Á hinn bóginn hefur um einn af hverjum

tíu háskólamenntuðum Skagfirðingum lokið prófi frá Háskólanum á Hólum og nærri fjórðungur háskólamenntaðra Borgfirðinga hefur lokið prófi frá Háskólanum á Bifröst eða Landbúnaðarháskólanum. Með svipuðum hætti býr um einn af hverjum tíu brautskráðum nemendum HA á Norðurlandi eystra en einn af hverjum þremur háskólamenntuðum íbúum Norðurlands eystra hefur lokið prófi frá HA.

Hvað samkeppnishæfni landsvæða varðar er nauðsynlegt að huga að ýmsum þáttum sem þessi rannsókn nær ekki til. Þótt háskólarnir starfi undir sameiginlegu gæðakerfi og gæði háskólagráða séu metin með reglubundnum hætti af alþjóðlegum matsnefndum (Rannís, 2017a, 2017b) væri full ástæða til að meta sérstaklega hvernig brautskráðum nemendum einstakra háskóla farnast að námi loknu og að hvaða marki fólk vinnur störf þar sem háskólamenntun þess nýtist (sjá t.d. Jason Mía Bergsteinsson, Inga Rúnar Eðvarðsson og Guðmund Kristján Óskarsson, 2017). Í því sambandi er vitaskuld mikilvægt að skoða hvort landsbyggðaháskólarnir búi nemendur betur undir störf utan höfuðborgarsvæðisins en þeir háskólar sem staðsettir eru í Reykjavík og miða námsframboð sitt e.t.v. í ríkari mæli við vinnumarkað borgarinnar eða annarra landa.

Loks er ástæða til að huga sérstaklega að áhrifum þess að námsframboð landsbyggðaháskólanna er mun þrengra en háskólanna í Reykjavík. Þannig er mikilvægt fyrir samkeppnishæfni Skagafjarðar að þar starfi háskóla fólk á fleiri sviðum en t.d. fiskeldi, hestafræði og ferðamálafræði sem kennd eru við Háskólann á Hólum. Með sama hætti má velta fyrir sér áhrifum þess að helmingur háskólamenntaðra Akureyringa hefur lokið prófi frá HA sem býður aðeins upp á nám í heilbrigðisvísindum, félags- og menntavísindum og auðlindafræði. Þannig mætti spyrja hvaða áhrif það hefði á samfélag og efnahagslíf á Norðurlandi ef HA byði einnig upp á háskólanám í t.d. verkfræði og tæknigreinum, hönnun eða listum.

Samkvæmt lögum hafa íslenskir háskólar m.a. það hlutverk að stuðla að miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls og styrkja þannig innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti (Alþingi, 2006). Í lögnum er litið á íslenskt samfélag sem órofa heild og ekki gert ráð fyrir því að háskólar hafi sérstökum skyldum að gegna hvað varðar miðlun þekkingar og færni til allra landshluta eða styrkingu innviða einstakra samfélaga innan ríkisheildarinnar. Í stefnum háskólanna þriggja í Reykjavík er einnig undantekningarlaust talað um íslenskt samfélag í eintölu og hvergi vikið að því sem markmiði að draga úr menntabili milli landshluta (Háskóli Íslands, 2016b; Háskólinn í Reykjavík, 2017; Listaháskóli Íslands, 2017), þótt í stefnu HÍ sé vikið að eflingu rannsóknasetra á „landsbyggðinni“ og samþættingu þeirra við fræðasvið og deildir háskólans.

Svæðisbundin áhrif á menntunarstig í landsbyggðunum hafa verið ein helstu rökin fyrir sjálfstæðum háskólum utan Reykjavíkur (sjá t.d. Alþingi, 2011; Braga Guðmundsson, 2012; Eyping, 2011; Ingibjörgu Einarsdóttur, 2010; Jón Bjarnason, 2013; Kolfinnu Jóhannesdóttur og Vífil Karlsson, 2010; Magnús B. Jónsson, 2013; Sindra Sigurgeirsson, 2013). Í því ljósi er athyglisvert að enginn landsbyggðaháskóla hefur þá yfirlýstu stefnu að minnka menntabilið milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta (Háskólinn á Akureyri, 2012; Háskólinn á Bifröst, 2012; Háskólinn á Hólum, 2016; Landbúnaðarháskólinn, 2009), þótt Háskólinn á Bifröst leggi áherslu á að vinna með og þjóna nærsamfélagi sínu og „vegna staðsetningar sinnar gegn[i] Háskólinn á Akureyri lykilhlutverki í eflingu háskólamenntunar, rannsókna, þróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni og nemendur úr öllum byggðum landsins sæk[i] í það persónulega og krefjandi námsumhverfi sem skólinn býr þeim“ (Háskólinn á Akureyri, 2012, bls. 6).

Þótt hvorki stjórnvöld né háskólarnir hafi sett fram skýra stefnu um að draga úr menntabili milli landshluta er svæðisbundnu framboði háskólamenntunar að verulegu leyti stýrt með fjárveitingum ríkisvaldsins. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2018 stunda þannig nám við háskólana í Reykjavík 84% allra greiddra ársnema, 90% ársnema í reikniflokki verkfræði og allir greiddir ársnemar í reikniflokkum á borð við læknisfræði, tölvunarfræði, stærðfræði og hönnunar- og listgreinar (Alþingi, 2017). Utan höfuðborgarsvæðisins býr þriðjungur landsmanna og fjórðungur háskólamenntaðra landsmanna. Hins vegar stunda aðeins 16% greiddra ársnema nám við háskóla utan höfuðborgarsvæðisins.

Á næstu árum munu tækniframfarir umbylta háskólanámi um allan heim og rjúfa þá fjarlægðarvernd sem Háskóli Íslands hefur notið gagnvart öðrum löndum frá 1911 og landsbyggðaháskólarnir hafa notið gagnvart Reykjavík frá lokum tuttugustu aldar. Það verður því nauðsynlegt að skilgreina hlutverk íslenskra háskóla með hliðsjón af breyttum aðstæðum. Sé það sérstakt markmið að hækka menntunarstig í öllum landshlutum og draga úr menntabili milli Reykjavíkur og annarra landshluta þarf að skilgreina slík markmið með skýrum hætti og ákveða hvort það skuli vera hlutverk allra háskóla eða sérstakt verkefni þeirra háskóla sem staðsettir eru utan Reykjavíkur.

University location and the regional gap in university education

For centuries, the University of Copenhagen was the primary institution of higher education for Icelandic students. The establishment of the University of Iceland in 1911 transformed the structure of educational opportunities in Iceland and allowed prospective students in Reykjavík and adjacent areas the opportunity to live and study at home. In other regions of Iceland, however, university students continued to leave their home communities for study and only a minority of those students returned after graduation. As a result, there is a considerable gap between educational levels in the Reykjavík capital area and other regions of Iceland.

In the period 1987–2008 several universities were founded, merged and renamed in Iceland. In the capital area, the private Reykjavík University and the Academy of Arts were established on the basis of earlier institutions, while the University of Education was merged with the University of Iceland. Outside the capital area, the University of Akureyri was established in northern Iceland, Bifröst University in the southwest and two agricultural schools in the north and southwest became universities. However, the public University of Iceland continues to be the largest institution of higher education with about 68% of all university students in the country.

The proportion of residents with a university degree differs substantially between the Reykjavík capital area and other regions of Iceland. This regional education gap can in part be traced to more diverse educational opportunities in the capital area, but various other economic, social, cultural and geographical factors are also important. Research has thus shown that the geographical location of universities can have a substantial effect on the residential choices of university graduates. This research focuses on the impact of Icelandic universities on levels of university education and the education gap between different regions of the country.

The regional impact of Icelandic universities is assessed on the basis of census data and survey results. About 28% of capital area residents and 12–14% of other residents graduated from universities in Reykjavík. The proportion of graduates from regional universities is highest 13% in Akureyri and 7% in other northern areas. A substantial majority of university graduates are from the University of Iceland. The proportion of University of Iceland graduates is highest in the capital area but lowest in Akureyri where a similar proportion graduated from the University of Akureyri.

In the capital area and the surrounding exurban regions, Reykjavík University has the second largest share of university graduates, while the University of Akureyri has the second largest share in the northern regions. A substantial majority of graduates from universities in Reykjavík and from Bifröst University reside in the capital area but graduates from other universities are more dispersed. Graduates from the University of Akureyri are roughly equally divided between the capital area, Akureyri and other regions. Graduates from the regional universities are more likely to live outside the capital area but the main impact on educational levels is found with respect to the University of Akureyri, in Akureyri and other northern regions.

Future research should examine the careers of graduates from different universities and the extent to which they are employed in their fields of study. The employment of graduates from universities in Reykjavík and other regions should in particular be evaluated in the context of regional labour market differences. Conversely, the economic and social impact of restricted educational programmes at regional universities on local communities should be examined in more depth.

Neither the government nor the Icelandic universities have formed an explicit policy of decreasing the education gap between the Reykjavík capital area and other regions of the country. Nevertheless, regional differences in the supply of university programmes are to a considerable degree determined by government funding. Larger and more comprehensive programmes at regional universities would be the quickest way to raise educational levels outside the capital area.

Key words: Universities, educational levels, educational gap, region.

Um höfund

Þoroddur Bjarnason (thoroddur@unak.is) er prófessor í félagsfræði við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. Hann lauk doktorsprófi frá University of Notre Dame í Bandaríkjunum, meistaraprófi frá University of Essex í Englandi og bakkalárprófi frá Háskóla Íslands. Rannsóknir hans eru einkum á sviði byggðafræði og beinast sérstaklega að búsetuþróun og búferlaflutningum.

About the author

Thoroddur Bjarnason (thoroddur@unak.is) is Professor of Sociology at the Department of Social Sciences and Law at the University of Akureyri in Northern Iceland. He completed his PhD from the University of Notre Dame in the United States, his MA from the University of Essex in England and his BA from the University of Iceland. His research is primarily in the field of regional development and focuses in particular on migration and demographic trends.

Heimildir

- A.P.H. (1985, 17. október). Ég er kominn hingað í læri. *DV*. Sótt 20. september 2017 af <http://timarit.is/files/19871136.pdf>
- Abel, J. R. og Deitz, R. (2012). Do colleges and universities increase their region's human capital? *Journal of Economic Geography*, 12(3), 667–691. doi.org/10.1093/jeg/lbr020
- Alþingi. (2017). Fylgirit með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018. Sótt 25. september 2017 af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9b50f078-97bc-11e7-941c-005056bc4d74>
- Andersson, R., Quigley, J. M. og Wilhelmsson, M. (2004). University decentralization as regional policy: The Swedish experiment. *Journal of Economic Geography*, 4(1), 37–388. doi.org/10.1093/jnlecg/lbh031
- Andersson, R., Quigley, J. M. og Wilhelmsson, M. (2009). Urbanization, productivity, and innovation: Evidence from investment in higher education. *Journal of Urban Economics*, 66(1), 2–15. doi.org/10.1016/j.jue.2009.02.004
- Anna Guðrún Edvardsdóttir. (2016). *The interaction of the knowledge society and rural development in Iceland and Scotland* (óbirt doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

- Arbo, P. og Eskelinen, H. (2003). *The role of small, comprehensive universities in regional economic development: Experiences from two Nordic cases*. Ritgerð lögð fram á ráðstefnunni 43rd ERSA Congress, Jyväskylä, 27–30 ágúst 2003. Sótt 23. júní 2016 af <https://www.jyu.fi/ersa2003/cdrom/papers/530.pdf>
- Á.M. (1985, 12. júní). Ráðstefna um háskólanám á Akureyri: Staðurinn er hér – stundin nú“. *Dagur*. Sótt 23. september 2017 af <http://timarit.is/files/19136293.pdf>
- Árni Sæberg. (1988, 17. janúar). Tölvuháskóli Verzlunarskólans settur í fyrsta sinn. *Morgunblaðið*. Sótt 22. ágúst af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/9915/>
- B. Þ. (2014, 4. desember). Barist fyrir auknu framlagi til HA. *Akureyri vikublað*. Sótt 19. september 2017 af <http://timarit.is/files/34426791.pdf>
- Bjarni E. Guðleifsson. (1985, 20. nóvember). Háskólinn á Akureyri. *Dagur*. Sótt 11. september 2017 af <http://timarit.is/files/19134797.pdf>
- Blackwell, M., Cobb, S. og Weinberg, D. (2002). The economic impact of educational institutions: Issues and methodology. *Economic Development Quarterly*, 16(1), 88–95. doi.org/10.1177/0891242402016001009
- Bragi Guðmundsson. (2012). Háskóli verður til. Í Bragi Guðmundsson (ritstjóri), *Háskólinn á Akureyri 1987–2012: Afmælisrit* (bls. 11–34). Akureyri: Völuspá og Háskólinn á Akureyri.
- Börkur Hansen. (2005). Háskólar á Íslandi: Frá sundurgreiningu til samhæfingar. *Uppeldi og menntun*, 14, 125–129.
- Chatterton, P. (2000). The cultural role of universities in the community: Revisiting the university–community debate. *Environment and Planning A*, 32(1), 165–181. doi.org/10.1068/a3243
- Chawinga, W. D. og Zozie, P. A. (2016). Increasing Access to higher education through open and distance learning: Empirical findings from Mzuzu university, Malawi. *International Review of Research in Open and Distributed Learning*, 17(4), 1–20. doi.org/10.19173/irrodl.v17i4.2409
- Corcoran, J., Faggian, A. og McCann, P. (2010). Human capital in remote and rural Australia: The role of graduate migration. *Growth and Change*, 41(2), 192–220. <https://doi.org/10.1111/j.1468-2257.2010.00525.x>
- Eyþing. (2011). Fundargerð – Skýrsla stjórnar 2011. Sótt 18. september 2017 af <https://www.eything.is/is/fundargerdir-1/adalfundir/fundargerð-skyrsla-stjornar-07-10-2011>
- Frenette, M. (2009). Do universities benefit local youth? Evidence from the creation of new universities. *Economics of Education Review*, 28(3), 318–328. doi.org/10.1016/j.econedurev.2008.04.004
- G.S. (1985a, 22. febrúar). Mennt er máttur. *Dagur*. Sótt 1. september 2017 af <http://timarit.is/files/19131688.pdf>
- G.S. (1985b, 26. október). Samstaða norðanmanna um Háskóla á Akureyri er mikilvæg. *Dagur*. Sótt 11. september 2017 af <http://timarit.is/files/19133929.pdf>
- Gillborn, D., Demack, S., Rollock, N. og Warmington, P. (2017). Moving the goalposts: Education policy and 25 years of the Black/White achievement gap. *British Educational Research Journal*, 43(5), 848–874. doi.org/10.1002/berj.3297
- Gottlieb, P. D. og Joseph, G. (2006). College-to-work migration of technology graduates and holders of doctorates within the United States. *Journal of Regional Science*, 46(4), 627–659. doi.org/10.1111/j.1467-9787.2006.00471.x
- Gottlieb, P. D. og Fogarty, M. (2003). Educational attainment and metropolitan growth. *Economic Development Quarterly*, 17(4), 325–336. doi.org/10.1177/0891242403257274
- Guðmundur Hálfðanarson. (2011). Embættismannaskólinn 1911–1961. Í Gunnar Karlsson (ritstjóri), *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011* (bls. 17–295). Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Gunasekara, C. (2006). Reframing the role of universities in the development of regional innovation systems. *The Journal of Technology Transfer*, 31(1), 101–113. doi.org/10.1007/s10961-005-5016-4

- Gunnar Karlsson (ritstj.) (2011). *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011*. Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Gyða Jóhannsdóttir. (2008). Hvað einkennir þróun háskóla? Í *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 719–30). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Haapanen, M. og Tervo, H. (2012). Migration of the highly educated: Evidence from residence spells of university graduates. *Journal of Regional Science*, 52(4), 587–605. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9787.2011.00745.x>
- Hagstofa Íslands. (2017a). Skráðir nemendur á háskóla- og doktorsstigi eftir skólum, tegund náms og kyni 2007–2014. Sótt 1. ágúst 2017 af <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/haskolastig/>
- Hagstofa Íslands. (2017b). Mannfjöldi eftir talningarsvæðum, menntunarstigi og aldri 31. des. 2011. Sótt 1. ágúst 2017 af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/manntal/manntal-2011/>
- Halldór Blöndal. (1986, 30. maí). Við erum að byggja upp háskólanám á Akureyri. *Morgunblaðið*. Sótt 1. september 2017 af <http://timarit.is/files/17405113.pdf>
- Háskólaráð H.A. (2009, maí). Afstaða háskólaráðs til sameiningar í háskólakerfinu. Fréttatilkynning frá Háskólanum á Akureyri. Sótt 18. september 2017 af http://www.unak.is/is/frettir/afsta-da_haskolarads_til_sameiningar_i_haskolakerfinu
- Háskóli Íslands. (2016a, september). Háskóli Íslands áfram í hópi 250 bestu háskóla í heimi. Fréttatilkynning frá Háskóla Íslands. Sótt 19. september 2017 af https://www.hi.is/frettir/haskoli-is-lands_afraam_i_hopi_250_bestu_haskola_i_heimi
- Háskóli Íslands. (2016b). Stefna Háskóla Íslands 2016–2021. Sótt 25. september 2017 af https://www.hi.is/haskolinn/hi21_stefna_haskola-is-lands_2016_2021
- Háskólinn á Akureyri. (2012). Stefna Háskólans á Akureyri 2012–2017. Sótt 25. september 2017 af http://www.unak.is/static/files/Stjornsysla_stefnumal/HA_Stefna2012-2017_www.pdf
- Háskólinn á Bifröst. (2012). Stefna Háskólans á Bifröst. Sótt 25. september 2017 af http://www.bifrost.is/Files/Skra_0060617.pdf
- Háskólinn á Hólum. (2016). Stefna Háskólans á Hólum 2016–2020. Sótt 25. september 2017 af http://www.holar.is/sites/holar.is/files/images/stefna_holaskola_2016-2020_21okt.pdf
- Háskólinn í Reykjavík. (2017). Stefna Háskólans í Reykjavík. Sótt 25. september 2017 af <https://www.ru.is/skipulag/stefnur/hr/>
- Hoare, A. og Corver, M. (2010). The regional geography of new young graduate labour in the UK. *Regional Studies*, 44(4), 477–494. <https://doi.org/10.1080/00343400902736543>
- Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2013, 19. júlí). Stinga þarf á háskólabólunni. *DV*. Sótt 17. september 2017 af <http://www.dv.is/leidari/2013/7/19/stinga-tharf-haskolabolunni/>
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. (2001). University education and residential trends in Iceland. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 45(3), 249–268. doi.org/10.1080/00313830120074198
- Ingi Rúnar Eðvarðsson. (2014). A small university and knowledge-based development: A case of Northern Iceland. *Journal of Knowledge-based Development*, 5(2), 131–151. <https://doi.org/10.1504/IJKBD.2014.063990>
- Ingibjörg Einarsdóttir. (2010, 8. nóvember). Sameining háskóla frá sjónarhorni íbúa á Bifröst. *Vísir*. Sótt 16. september 2017 af <http://www.visir.is/g/2010563211580>
- Ingvar Gíslason. (1985, 19. júní). Háskóli á Akureyri er pólitísk ákvörðun. *Dagur*. Sótt 11. september 2017 af <http://timarit.is/files/19136410.pdf>
- Jason Már Bergsteinsson, Ingi Rúnar Eðvarðsson og Guðmundur Kristján Óskarsson. (2017). Ofmenntun á íslenskum vinnumarkaði: Staða meðal háskólamenntaðs fólks. *Íslenska þjóðfélagið*, 8, 5–22. <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/109/pdf>
- Jón Bjarnason. (2013, 12. desember). Blóðtaka fyrir Borgfirðinga. *Skessuhorn*. Sótt 16. september 2017 af <http://skessuhorn.rat.nepal.is/skessuhorn/adsendar-greinar/nr/182820/>

- Jón Bragi Bjarnason. (1989). Umræða um fyrirspurn til forsætisráðherra um aukna valddreifingu og flutning stofnana út í héruð. Þingfundur Alþingis, 7. desember 1989, sótt 16. september 2017 af <http://www.althingi.is/altext/112/r1/1093.html>
- Jón Gunnar Grjetarsson. (1987, 17. september). Grun(n)laus háskóli? Háskólinn á Akureyri „byggðapólitík“ til að fá menntamenn norður? *Helgarpósturinn*. Sótt 30. ágúst 2017 af <http://timarit.is/files/9713439.pdf>
- Jón Þorkelsson. (1891). Um háskóla á Íslandi. *Sunnanfari*, 1, 28–33. Sótt 15. ágúst 2017 af <http://timarit.is/files/9713439.pdf>
- Kári Stefánsson. (2011, 16. janúar). Reisa alþýðuhallir í austur-þýskum stíl. *Morgunblaðið*. Sótt 17. september 2017 af <http://timarit.is/files/25656318.pdf>
- Klesment, M. og van Bavel, J. (2017). The reversal of the gender gap in education, motherhood, and women as main earners in Europe. *European Sociological Review*, 33(3), 465–481. doi.org/10.1093/esr/jcw063
- Kolfinna Jóhannesdóttir og Vífill Karlsson. (2010). Áhrif af háskólastarfssemi á samfélag og efnahag í Borgarbyggð. *Borgarnes: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi*. Sótt 1. september 2017 af http://ssv.is/Files/Skra_0069200.pdf
- Landbúnaðarháskóli Íslands. (2008). Stefna Landbúnaðarháskóla Íslands 2009–13. Sótt 25. september 2017 af http://www.lbhi.is/sites/default/files/gogn/vidhengi/stefna_lbhi_18_desember_2008_lokautgafa3_.pdf
- Lehmann, M., Christensen, P., Thrane, M. og Jorgensen, T. H. (2009). University engagement and regional sustainability initiatives: some Danish experiences. *Journal of Cleaner Production*, 17(12), 1067–1074. doi.org/10.1016/j.jclepro.2009.03.013
- Listaháskóli Íslands. (2017). *Stefna og markmið*. Sótt 25. september 2017 af <http://www.lhi.is/stefna-og-markmid>
- Liu, Y., Green, A. og Pensiero, N. (2016). Expansion of higher education and inequality of opportunities: a cross-national analysis. *Journal of Higher Education Policy and Management*, 38(3), 242–263. doi.org/10.1080/1360080X.2016.1174407
- Loftur Guttormsson (ritstjóri). (2008). *Almenningsfræðsla á Íslandi I: Skólalald í bæ og sveit 1880–1945*. Háskólaútgáfan.
- Lög um háskóla, nr. 136/1997.
- Lög um háskóla, nr. 63/2006.
- Lög um Háskólann á Akureyri, nr. 18/1988.
- Magnús B. Jónsson. (2013, 21. nóvember). Framtíð Landbúnaðarháskóla Íslands. *Morgunblaðið*. Sótt 19. september 2017 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1488211/>
- Magnús Guðmundsson. (2011). Rannsóknarháskólinn 1990–2011. Í Gunnar Karlsson (ritstjóri), *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011* (bls. 533–779). Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Maiga, H. L. (1983). The Education Gap: A hard look at the plight of the world's rural areas. *Unesco Courier*, 5, 24–29.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2009a). Education, Research and Innovation policy: A new direction for Iceland. Sótt 18. september 2017 af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/MRN-pdf/Education,_research_and_innovation_policy._Skysrsla_erlendrar_serfradinefndar_mai_2009.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2009b). Stefna í menntun, vísindum og nýsköpun: Ný stefna fyrir Ísland. Sótt 18. september 2017 af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/MRN-pdf/Stefna_i_menntun,_visindum_og_nyskopun.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015a). *Háskólar og vísindi á Íslandi 2015: Staða og þróun*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015b, janúar). Um stöðu háskóla og umræður um sameiningu þeirra. Fréttatilkynning mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Sótt 19. september 2017 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2015/01/23/Um-stodu-haskola-og-umraedur-umsameiningu-theirra/>
- Menntamálaráðuneytið. (1984). Álit nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 27. maí 1982 til þess að gera tillögur um hvernig vinna megi að því að efla Akureyri sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Muhirwa, J. M. (2012). Funnelling talents back to the Source: Can distance education help to mitigate the fallouts of brain drain in sub-Saharan Africa? *Diversities*, 14, 45–62.
- Nilsson, J. E. (ritstjóri). (2006). *The Role of Universities in Regional Innovation Systems – A Nordic Perspective*. Kaupmannahöfn: Copenhagen Business School Press.
- NordForsk. (2017). *Comparing research at Nordic higher education institutions using bibliometric indicators: Covering the years 1999–2014*. Sótt 17. september 2017 af https://www.nordforsk.org/en/publications/publications_container/comparing-research-at-nordic-higher-education-institutions-using-bibliometric-indicators-covering-the-years-1999-2014
- OECD. (2015). *E-learning in Higher Education in Latin America*. Paris: OECD Publishing.
- Rannís. (2017a). Gæðaráð íslenskra háskóla. Sótt 11. september 2017 af <https://www.rannis.is/starfsemi/gaedarad/>
- Rannís. (2017b). Quality Enhancement Framework Handbook (2. útgáfa). Sótt 11. september 2017 af <https://en.rannis.is/media/gaedarad/Final-for-publication-14-3-2017.pdf>
- Rennie, F., Jóhannesdóttir, S. og Kristinsdóttir, S. (2011). Re-thinking sustainable education systems in Iceland: The net-university project. *International Review of Research in Open and Distance Learning*, 12(4), 88–105. doi.org/10.19173/irrodl.v12i4.871
- Ritstjórn. (2009, 2. október). Háskólinn í Reykjavík vill samvinnu en ekki sameiningu við Háskóla Íslands. *Víðskiptablaðið*. Sótt 19. september 2017 af <http://www.vb.is/frettir/haskolinn-i-reykjavik-vill-samvinnu-en-ekki-samein/4303>
- Rúnar Vilhjálmsson. (2005). Gæðavandi íslenskra háskóla. *Uppeldi og menntun*, 14, 141–150.
- RÚV. (2009). Sameining skilar mestum sparnaði. *RÚV*, 21. júlí 2013. Sótt 20. september 2017 af <http://www.ruv.is/frett/sameining-skilar-mestum-sparnadi>
- RÚV. (2013a). Aðrir möguleikar en sameining HÍ og HR. *RÚV*, 25. júlí 2013. Sótt 19. september 2017 af <http://www.ruv.is/frett/adrir-moguleikar-en-sameining-hi-og-hr>
- RÚV. (2013b). Sameining háskóla í undirbúningi. *RÚV*, 20. júlí 2013. Sótt 19. september 2017 af <http://www.ruv.is/frett/sameining-haskola-i-undirbuningi>
- RÚV. (2013c). Sameining við HÍ heppilegust. *RÚV*, 24. nóvember, 2013. Sótt 19. september 2017 af <http://www.ruv.is/frett/sameining-vid-hi-heppilegust>
- RÚV. (2014). Hætt við sameiningu HÍ og LBHÍ. *RÚV*, 23. mars 2014. Sótt 11. september 2017 af <http://www.ruv.is/frett/haett-vid-sameiningu-hi-og-lbhi>
- RÚV. (2015). Bifrost vill ekki nauðungarhjonaband. *RÚV*, 7. febrúar 2015. Sótt 19. september 2017 af <http://www.ruv.is/frett/bifrost-vill-ekki-i-naudungarhjonaband>
- Scott, T., Menzies, C., Chenard, G. og Spence, M. (2013). Bridging the gap: Innovative approaches to continuing education in rural, remote, and isolated First Nation communities. *Seminars in Dialysis*, 26(2), 164–168. doi.org/10.1111/sdi.12058
- S. H. Á. (2009, 12. september). Stóru háskólarnir ræða um samstarf. *Fréttablaðið*. Sótt 19. september 2017 af <http://timarit.is/files/13134109.pdf>
- Sindri Sigurgeirsson. (2013, 31. október). Bændur vilja standa vörð um sjálfstæði landbúnaðarháskólanna. *Bændablaðið*.

- Skagfirðingur. (2012, 2. apríl). Hólaskóli sameinaður Háskólanum á Akureyri. *Skagfirðingur*. Sótt 16. september 2017 af <https://skagfirðingur.wordpress.com/2012/04/02/holaskoli-sameinadur-haskolanum-a-akureyri/>
- Skessuhorn. (2013, 26. nóvember). Skora á ráðherra að standa vörð um háskólana í Borgarbyggð. *Skessuhorn*.
- Skessuhorn. (2014, 12. september). Ráðherra á pólitísku blindskeri varðandi sameiningu L.B.H.Í.og HÍ. *Skessuhorn*. Sótt 19. september 2017 af <http://skessuhorn.rat.nepal.is/frettir/nr/189788/>
Sótt 25. september 2017 af <https://www.althingi.is/lagasafn/pdf/134/2006063.pdf>
- Tam, T. og Jiang, J. (2015). Divergent urban-rural trends in college attendance: State policy bias and structural exclusion in China. *Sociology of Education*, 88(2), 160–180. doi.org/10.1177/0038040715574779
- Tillaga til þingsályktunar um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar nr. 48/1964. Sótt 11. september 2017 af: <http://www.althingi.is/altext/85/s/pdf/0053.pdf>
- Tomaney, J. og Wray, F. (2011). The university and the region: An Australian perspective. *International Journal of Urban and Regional Research*, 35(5), 913–931. doi.org/10.1111/j.1468-2427.2011.01020.x
- Vífill Karlsson og Magnús B. Jónsson. (2013). *Hvers vegna ættum við að hafa marga háskóla og dreift háskólanám?* Borgarnes: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Sótt 1. september 2017 af http://ssv.is/wp-content/uploads/2016/09/Skra_0066054.pdf
- Vísindafélag Norðlendinga. (1985, 12. desember). Akureyrarháskólinn fái fjárveitingu á næsta ári. NT. Sótt 20. september 2017 af <http://timarit.is/files/14515001.pdf>
- Waldorf, B. S. (2009). Is human capital accumulation a self-propelling process? Comparing educational attainment levels of movers and stayers. *Annals of Regional Science*, 43(2), 323–344. doi.org/10.1007/s00168-008-0225-z
- Winters, J.V. (2011). Human capital and population growth in nonmetropolitan U.S. Counties: The importance of college student migration. *Economic Development Quarterly*, 25(4), 353–365. doi.org/10.1177/0891242411418221
- Þingsályktun um dreifingu menntastofnana, áætlun um skólaþörf og eflingu Akureyrar sem miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar. Samþykkt á 92. löggjafarþingi 1971–1972. Sótt 11. september 2017 af: <http://www.althingi.is/altext/92/s/0942.html>
- Þingskjal nr. 150/2011–2012. Fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðherra um sjálfstæði Háskólans á Akureyri. Frá Birki Jóni Jónssyni. Sótt 16. september 2017 af <http://www.althingi.is/altext/140/11/114174426.sgml>
- Þ. J. og S. H. A. (2010, 13. september). Bifröst og H.R. ræða sameiningu skólana. *Fréttablaðið*. Sótt 19. september 2017 af <http://timarit.is/files/24683911.pdf>
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. (2012, 14. febrúar). Sameinum háskóla. *Vísir*. Sótt 19. september 2017 af <http://visir.staging.is/g/2012702149993/sameinum-haskola>
- Þorkell Jóhannesson. (2004, 28. mars). Háskólar – Rannsóknaháskólar. *Morgunblaðið*. Sótt 17. september 2017 af <http://timarit.is/files/7989231.pdf>
- Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir. (2018). The effects of regional and distance education on the supply of qualified teachers in rural Iceland. *Sociologia Ruralis*, <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/soru.12185/epdf>
- Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson. (2017). University pathways of urban and rural migration in Iceland. *Journal of Rural Studies*, 54, 244–254. doi.org/10.1016/j.jrurstud.2017.07.001
- Þóroddur Bjarnason, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Ingólfur Arnarson, Skúli Skúlason og Kolbrún Ósk Baldursdóttir. (2016). Svæðisbundin áhrif íslenskra háskóla. *Uppeldi og menntun*, 25, 265–287.
- Þuríður J. Jóhannsdóttir. (2010). *Teacher education and school-based distance learning: individual and systemic development in schools and a teacher education programme* (óbirt doktorsritgerð). Háskóli Íslands.

Örn Arnarson. (2010, 8. nóvember). Háskólastarf á Bifröst legðist af. *Morgunblaðið*. Sótt 20. september af <http://timarit.is/files/25736614.pdf>



Póroddur Bjarnason. (2018).
Staðsetning í háskóla og menntabil í háskólamenntun.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2018/ryn/01.pdf>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2018.1>